

Bæjarstjórn Snæfellsbæjar

FUNDARBOÐ – 382. FUNDUR

Fundur er boðaður í bæjarstjórn Snæfellsbæjar, miðvikudaginn 5. júní 2024 og hefst hann í **Ráðhúsi Snæfellsbæjar kl. 16:00**.

Dagskrá bæjarstjórnarfundarins:

- Kosning forseta bæjarstjórnar til eins árs.
- Kosning 1. og 2. varaforseta bæjarstjórnar til eins árs.
- Kosning þriggja aðila og jafnmargra til vara í bæjarráð til eins árs.
- Fundargerð 349. fundar bæjarráðs Snæfellsbæjar, dags. 23. maí 2024.
- Fundargerð stjórnar Jaðars, dags. 14. maí 2024.
- Fundargerð 183. fundar umhverfis- og skipulagsnefndar, dags. 3. júní 2024.
- Fundargerð eigendafundar Heilbrigðiseftirlits Vesturlands, dags. 6. maí 2024.
- Fundargerð 189. fundar Heilbrigðisnefndar Vesturlands, dags. 6. maí 2024.
- Fundargerð 190. fundar Heilbrigðisnefndar Vesturlands, dags. 27. maí 2024.
- Fundargerð 222. fundar Breiðafjarðarnefndar, dags. 18. mars 2024.
- Fundargerð 180. fundar stjórnar SSV, dags. 6. mars 2024.
- Fundargerð 181. fundar stjórnar SSV, dags. 6. maí 2024.
- Fundargerð 947. fundar stjórnar SÍS, dags. 19. apríl 2024.
- Fundargerð stjórnar Hafnasambands Íslands, dags. 22. mars 2024.
- Fundargerð stjórnar Hafnasambands Íslands, dags. 7. maí 2024.
- Fundargerð aðalfundar Landskerfa bókasafna, dags. 7. maí 2024.
- Fundarboð aðalfundar Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga, sem haldinn verður 3. júlí 2024.
- Bréf frá framkvæmdastjóra Heilbrigðiseftirlits Vesturlands, dags. 28. maí 2024, varðandi tillögur ríkisins um breytingu á fyrirkomulagi heilbrigðiseftirlits.
- Bréf frá Sýslumanninum á Vesturlandi, dags. 24. maí 2024, varðandi ósk um umsögn bæjarstjórnar um umsókn Hótel Hellna ehf. um leyfi til reksturs gistiðar í flokki IV – A hótel, að Arnarfelli á Arnarstapa, Snæfellsbæ.
- Bréf frá Sýslumanninum á Vesturlandi, dags. 24. maí 2024, varðandi ósk um umsögn bæjarstjórnar um umsókn Hótel Hellna ehf. um leyfi til reksturs gistiðar í flokki IV – A hótel, að Bárðarslóð á Arnarstapa, Snæfellsbæ.
- Bréf frá SAMAN-hópnum, ódags., varðandi hvatningu til samveru fjölskyldunnar.
- Umboð til bæjarráðs í sumarleyfi bæjarstjórnar.
- Minnispunktar bæjarstjóra.

Snæfellsbæ, 3. júní 2024
Kristinn Jónasson, bæjarstjóri

349. fundur bæjarráðs Snæfellsbæjar, haldinn fimmtdaginn 23. maí 2024 og hófst hann í Ráðhúsi Snæfellsbæjar kl. 12:00.

Mættir:

Björn H Hilmarsson, í forföllum JBÓ
Auður Kjartansdóttir
Fríða Sveinsdóttir
Kristinn Jónasson, bæjarstjóri
Lilja Ólafardóttir, bæjarritari


Varaformaður bæjarráðs setti fund og bauð fundarmenn velkomna á fundinn. Var svo gengið beint til boðaðrar dagskrár.


Dagskrá:


- 1) Hollvinafélag Pakkhússins.
Jenný Guðmundsdóttir og Ragnheiður Víglundsdóttir boðuðu forföll og mæta á næsta bæjarráðsfund.
- 2) Umsókn frá Guðmundi R Guðmundssyni, dags. 22. apríl 2024, að fá að halda hundinn Buck.
Umsóknin samþykkt samhljóða.
- 3) Umsókn frá Halldóru Kristínú Unnarsdóttur, dags. 20. maí 2024, að fá að halda hundinn Stellu.
Umsóknin samþykkt samhljóða.
- 4) Bréf frá Pálma Þ Sævarssyni, dags. 29. apríl 2024, varðandi tengivegaáætlun 2024-2028.
Lagt fram til kynningar.
- 5) Minnispunktar bæjarstjóra.
 - a) Bæjarstjóri fór yfir nokkrar framkvæmdir sem standa yfir í Snæfellsbæ.
 - b) Bæjarstjóri fór yfir það hvernig summarvinnan byrjar.
 - c) Bæjarstjóri fór yfir fjármálin.
 - d) Bæjarstjóri fór yfir starfsmannamál.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12:21


Björn H Hilmarsson


Auður Kjartansdóttir
Kristinn Jónasson, bæjarstjóri


Fríða Sveinsdóttir


Lilja Ólafardóttir, bæjarritari

Fundur haldinn í stjórn Dvalarheimilisins Jaðars fimmtudaginn 14.05. 2024, kl. 13.00 í húsnæði Jaðars Hjarðartúni 3a, Ólafsvík.

Mættir: Björn Arnaldsson formaður,
Helga Valdís Guðjónsdóttir
Hallgrímur Árni Ottósson
Sigrún Erla Sveinsdóttir forstöðumaður.

Björn Arnaldsson setti fundinn.

1. Formaður býður f.h. stjórnar Sigrúnu Erlu velkomna til starfa sem forstöðumann Jaðars.
2. Bréf frá bæjarritara dags. 08.09.2023. Lagt fram til kynningar.
3. Formaður fer yfir áætlun um framkvæmdir við nýja forstofu. Samið hefur verið við verktaka um jarðvinnu og smíðar. Stefnt er að því að verkið hefjist í júlí n.k.
4. Sigrún Erla fer yfir starfsemi Jaðars. Segir frá rekstri heimilsins, starfsmannamálum, viðhaldi húsnæðis og fl. Fjárhagsstaðan er góð, Sigrún segir frá samningi við Sjúkratryggingar um eitt biðrými og sá samningur er fram til áramóta. Sigrún segir frá því að verið er að skipta út gólfþykki í áföngum fyrir víniparket. Sigrún segir frá leka í þaki sem kom upp í vetur, farið var í viðgerðir og ekki hefur lekið síðan en það á eftir að klára viðgerðir innanhúss. Starfsmannamál eru í góðum málum og þegar hefur verið ráðið í sumarafleysingar. Sigrún segir frá stöðunni á lista yfir þau viðhaldsverkefni sem eftir er að fara í.
5. Björn fer yfir ársreikning Jaðars 2023. Tap var á rekstri Jaðars á síðasta ári kr. 738 þúsund.
6. Önnur mál.
 1. Sigrún kynnir eftilitsskýrslu Heilbrigðiseftirlits Vesturlands frá 28.11.2023.
 2. Stjórn fer í skoðunarferð um húsið undir leiðsögn Sigrúnar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14.

Fundargerð ritaði: Helga Valdís Guðjónsdóttir

*Björn Arnaldsson.
Helga Guðrún Óttósson
Hallgrímur Árni Ottósson
Sigrún Erla Sveinsdóttir*



Heilbrigðiseftirlit Vesturlands

Eigendafundur Heilbrigðiseftirlits Vesturlands
var haldinn að Hótel Varmaland þann 6. maí 2024.

Fundurinn hófst á sameignlegum hádegismat kl. 12.00 og óformlegu spjalli. Kl. 13.00 hófst formleg dagskrá.

Fundinn sátu:

Kristinn formaður, Haraldur Ben, Ragnar Baldwin og Einar Brandsson frá Akraneskaupstað, Stefán Broddi og Sigrún Ólafs frá Borgarbyggð, Birkir Snær og Andrea frá Hvalfjarðarsveit, Kristín frá Skorradal, Garðar Freyr Dalabyggð, Ágústa frá Grundarfjarðarbæ. Páll og Guðveig frá SSV sátu einnig fundinn ásamt starfsfólk Heilbrigðiseftirlits Vesturlands, Þorsteini, Ásu, Rannveigu, Aðalbjörgu og Kristínu Elísabetu.

Fundarstjóri: Kristinn Hallur Sveinsson

Fundarritari: Ása Hólmarsdóttir.

Framkvæmdastjóri heilbrigðiseftirlits Þorsteinn Narfason kynnti mál 1 til 5

Dagskrá:

1. Kynntar voru niðurstöður starfshóps Umhverfis- orku og loftslagsráðuneytis og tilurð starfshópsins sem stóð að skýrslunni. Fram kom að ekkert samráð var haft við sveitarfélög við vinnslu skýrslunnar.

Umræður urðu um:

- Áhættumat fyrirtækja og var því svarað til að gjaldskrá heilbrigðiseftirlitsins byggir á áhættumati.
- Rætt um þörf á samræmingu og hvað hún felur í sér. Varðandi samræmingu eftirlits kom fram að það eru yfirstofnanirnar Matvælastofnun og Umhverfisstofnun sem bera ábyrgð á samræmingu heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga.
- Rætt var um skráningarreglugerð þar sem hluti starfsleyfa færist yfir í skráningu og kom fram í kynningu Þorsteins að þetta sé reglugerð sem hefur gengið mjög illa að innleiða. Bæði hafa fyrirtæki og eftirlitsaðilar átt í vandræðum að fylgja henni eftir en sótt er um skráningu á miðlægu svæði á Ísland.is. Einnig hefur tæknileg lausn sem boðuð var til að færa gögn sjálfvirk í gagnagrunna heilbrigðiseftirlitssvæða ekki komið.
- Útskýrt var hvernig eftirlitskerfi heilbrigðiseftirlits heldur utan um öll fyrirtæki og kvartanir og sendir sjálfvirk áminningu þegar starfsleyfi og frávik eru að renna út.
- Rætt um kosti og galla þess að hafa eftirlitið í héraði í nálægð við þann stað þar sem vandamálin verða til, rætt um að þjónustan gæti minnkað og orðið ópersónulegri ef eftirlitið verður ríkisvætt.
- Í niðurstöðu starfshóps kom fram að eftirlit sé of íþyngjandi fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki en tilhneigingin hefur verið að kostnaður aukist enn frekar við tilfærslu á eftirlitsverkefnum til ríkisins og mætti taka eftirlit með fiskeldi sem færðist til MAST sem dæmi. Almennt eru gjöld fyrir eftirlit heilbrigðiseftirlits hófleg og gjaldskrá endurskoðuð árlega.

- Fram kom að hætt er við að aðeins þau verkefni sem standa undir sér séu færð til ríkisins en þau sem bera ekki eftirlitsgjöld eins og umsagnir, húsnæðis-skoðanir og tiltektarmál á lóðum og lendum verði látin sitja eftir hjá sveitarfé-lögunum.
 - Ef aðeins matvælaeftirlitið verður flutt til ríkisins er hætt við að það sem eftir stendur sé ekki nóg til að halda úti heilbrigðiseftirliti.
 - Fram kom að SÍS hefur ekki fengið beiðni um samráð og það hefur lítið verið rætt í stjórn Sambandsins og ekki sé búið að meta kostnaðinn fyrir sveitarfélög ef af flutningnum verður.
 - Rætt var um önnur eftirlits-embætti á vegum sveitarfélaga og hvort gagnrýni á samræmi milli sveitarfélaga ætti ekki við um byggingarfulltrúa, slökkvilið og jafnvel vinnueftirlit.
 - Rætt um einkarekstur í samhengi við eftirlitið og hvort eftirlitið geti verið einka-vætt, það væri ólíklegt þar sem ekki ertu til staðlar um alla þætti eftirlit sem er líkast til forsenda fyrir einkavæðingu.
 - Ákveðið að heilbrigðisnefnd taki málið aftur til sín og formi erindi til sveitarfélaganna varðandi viðbrögð við tillögum um að færa eftirlitið til ríkisins. Umhverfisráðherra hefur boðað að ekki verði af breytingunum ef sveitarfélög vilja þetta ekki en svo eru sveitarfélög kannski ekki að svara og breytingarnar gætu gengið í gegn.
2. Þorsteinn lagði fram tillögu að tímabundnu verkefni sem fellst í að ráða sérstakan starfsmann í t.d. ár til að sinna eingöngu tiltekt á lóðum og lendum. Kostnaður væri milli 15 og 20 milljónir eftir því hvort hann þyrfti sérstakan bíl.
- Spurt var hvort hægt væri að sinna þessari skyldu án auka fjármans, með for-gangsröðun og með því að heilbrigðiseftirlitið nýti sér starfsmenn sveitarfélag-anna. Fram kom að valdið er hjá heilbrigðisnefnd og starfsmenn eftirlitsins er framlengdur armur nefndarinnra. Tiltekt s.s. .álíming á bíl er stjórnsýslu-ákvörðun.
 - Tillagan snýr að stóru og flóknu málunum. Með núverandi starfsmannfjölda er ekki svigrúm til að vera að vinna í mörgum slíkum málum á sama tíma er þryst-ingur frá sveitarfélögum að heilbrigðiseftirlitið fari í tiltektir. Nú ná starfsmenn heilbrigðiseftirlits ekki enn að sinna öllu lögbundnu eftirliti sem verður að hafa forgang. Ef sérstakur starfsmaður væri í verkefninu eins og dæmi eru um á Suðurlandi og á Suðurnesjum yrði meiri gangur í tiltektarmálum og eftirlitin geta betur komið á móts við óskir sveitarfélaganna. Stór tiltektarmál eru flókin og taka mikinn tíma og hætt við að þau dagi uppi vegna annarra verkefna. Það er svoltíð reynslan.
 - Fram kom að bílar eru stundum ekki teknir þrátt fyrir að límt sé þá þetta hefur t.d. komið til þegar starfsmenn Vöku eru í sumarleyfum, þetta kemur sér illa en lítið hægt að gera.
3. Lögð fram drög að samþykkt um vatnsverndarsvæði á Vesturlandi og í Kjósarhreppi. Horfa þarf á setningu samþykktarinnar sem langtíma verkefni þar sem umræða þarf að fara fram hjá sveitarfélögum. Ef tryggja á hreint neysluvatn til framtíðar þarf að vernda en það geta verið hagsmunárekstrar. Á sama tíma vantar heilbrigðiseftirlitinu leið-beiningar hvað má og hvað má ekki innan vatnsverndarsvæða. Sambærileg samþykkt er í gildi á höfuðborgarsvæðinu og á Suðurlandi.
- Rætt um að mögulega sé samþykktin of íþyngjandi og að þetta gæti komið í veg fyrir vatnstöku á sumum svæðum. Áhyggjur voru að einhverjum vatnsveitum þyrfti að loka.

- Fundarmenn almennt sammála um að sé tímabært að setja samþykkt sem þessa að ígrunduðu máli, þar sem neysluvatnið þurfi að vera í fyrsta sæti.

Ákveðið að unnið verði áfram með skjalið og það lagt fyrir heilbrigðisnefnd sem mun svo áfram koma því til umsagna og umfjöllunar hjá sveitarstjórnum.

4. Lögð fram drög að samþykkt um hunda-katta og gæludýrahald á Vesturlandi og Kjósarhreppi.

- Framkvæmdastjóri varpaði því fram hvort skráningar væru mögulega óþarfar þar sem allir hundar eru örmerktir og því auðvelt að finna eigendur ef á þarf að halda. Hægt væri að einfalda stjórnsýsluna ef ekki þarf að skrá hunda og halda utan um þá. Hundaeftirlit hefur mikið færst yfir á Facebook.
- Fram kom að betri valdheimildir vantar gagnvart erfiðu málunum s.s. þegar hundar bíta fólk eða önnur dýr. Rætt var um ýmsa möguleika varðandi valdheimildir.
- Almenna reglan er að dýraeftirlitsmaður ætti að hafa fyrstu aðkomu að máli með formlegu bréfi og það ber ekki árangur þá að vísa máli til heilbrigðiseftirlits.
- Rætt um að setja þyrfti skýrari verklagsreglur milli aðila.

Ákveðið að áfram verið unnið að samþykktinni og hún síðan send á sveitarfélög til umfjöllunar. Einnig er velkomið að senda athugasemdir við fyrilliggjandi drög.

5. Kynnt var sú staða sem er komin upp að mengaður hefur engan farveg og búið að loka fyrir að honum sé skilað inni á urðunarstaði, Umhverfisstofnun hefur lokað fyrir þessa leið sem er skv. lögum með meðhöndlun úrgangs að ábyrgð sveitarfélaga. Þetta á líka við um úrgang sem dælt er upp úr olíugildrum. Fram kom að sama er uppi með dýraleyfar. Hættan er á að þessi mengun dreifist út um allar koppa grundir ef ekki er brugðist hratt við þessari stöðu. Sveitarfélög þurfa að taka samtalið við Umhverfisstofnun hvað er best að gera. Mögulega væri hægt að setja upp aðstöðu með starfsleyfi til meðhöndlunar á menguðum jarðvegi á urðunarstöðum.

Fundi slitið kl. 15:30

Fullgild rafraun undirskrift
PÓRSTEINN NARFASON
Kennitala: 200366-5069
2024-05-07 22:24:52 GMT
Astaða: Undirskrift

Fullgild rafraun undirskrift
KRISTINN HALLUR SVEINSSON
Kennitala: 210572-5979
2024-05-07 22:26:23 GMT
Astaða: Undirskrift

Fullgild rafraun undirskrift
SIGRÚN ÓLAFSDÓTTIR
Kennitala: 220465-5009
2024-05-07 23:15:39 GMT
Astaða: Undirskrift

Fullgild rafraun undirskrift
GARDAR FREYR VILHJÁLMSSON
Kennitala: 170290-2759
2024-05-08 06:23:36 GMT
Astaða: Undirskrift

Fullgild rafraun undirskrift
BIRKIR SNÆR GUÐLAUGSSON
Kennitala: 261087-3599
2024-05-08 08:22:26 GMT
Astaða: Undirskrift

Fullgild rafraun undirskrift
SIGURHANNA ÁGÚSTA EINARSDÓTTIR
Kennitala: 301188-3669
2024-05-09 13:18:37 GMT
Astaða: Undirskrift

Heilbrigðiseftirlit Vesturlands

189. fundur Heilbrigðisnefndar Vesturlands.

Fundurinn var haldinn í Hótel Varmalandi 6. maí og hófst hann kl. 15.40.

Mættir: Kristinn Hallur Sveinsson, Sigrún Ólafsdóttir, Birkir Snær Guðlaugsson, Sigurhanna Ágústa Einarsdóttir og Garðar Freyr Vilhjálmsson.

Auður Kjartansdóttir, Skúli Hreinn Guðbjörnsson og Trausti Gylfason boðuðu forföll.

Dagskrá

- 1. Starfsleyfi sem Heilbrigðiseftirlit Vesturlands hefur gefið út í umboði heilbrigðisnefndarinnar**
 - 1.1 Snæfellsbær, nýtt leyfi fyrir nú opin leiksvæði, Leyfið var gefið út 13. mars 2024 og gildir í 12 ár: Svaðin eru:
Munaðarhóll 22 Hellissandi,
Höskuldarbraut 22 Hellissandi,
Háarif 45 Hellissandi,
Hjallabrekka 8 Ólafsvík,
Brautarholt 11 Ólafsvík,
við Engihlíð Ólafsvík,
Jaðar/Lækjarbrekka á Arnarstapa,
Bárður Arnarstapa,
Múasaslóð/Sölvaslóð Arnarstapa.
 - 1.2 Íslandshótel hf: Fosshótel Reykholti, Fosshótel Stykkishólmi og Fosshótel Hellnar. Breytt leyfi vegna áframhaldandi undanþágu vegna hundahalds í ákveðnum gistiherbergjum, sbr. erindi frá Umhverfis- orku og loftlagsráðuneyti 28. febrúar 2024.
 - 1.3 Arnarhólmri ehf., nýtt leyfi fyrir lítinn gististað á Aðalgötu 20 í Stykkishólmi. Leyfi gefið út 20. mars 2024 og gildir í 12 ár.
 - 1.4 ESV ehf, nýr rekstraraðli fyrir veitingastaðinn Bjargarstein Mathús í Grundarfirði. Starfsleyfi yfirfært á nýjan rekstraraðila. Leyfi upphaflega gefið út 24. september 2019 og gildir í 12 ár frá þeim tíma.
 - 1.5 Eigið fé ehf., tímabundið leyfi fyrir litlum markaði á Breið, Bárugötu 8-10 á Akranesi. Gildistími leyfis 21. mars til 25. mars 2024.
 - 1.6 Kungfu ehf., nýtt leyfi fyrir matarvagn (ALM65) sem verður staðsettur á Stillholti á Akranesi. Leyfð gefið út 22. mars 2024 og er ótímabundið.
 - 1.7 Bgrill ehf., nýtt leyfi fyrir veitingastað á Digranesgötu 4 í Borgarnesi. Leyfi gefið út 22. mars 2024 og er ótímabundið.
 - 1.8 Sýslumannssetrið ehf., nýtt leyfi fyrir lítinn gististað / minna gistiheimili á Helgugötu 4 í Borgarnesi. Leyfi gefið út 22. mars 2024 og gildir í 12 ár.
 - 1.9 Sólarsport ehf. nýtt leyfi fyrir litla líkamsræktarstöð á Ennisbraut 11, Ólafsvík. Leyfi gefið út 25. mars 2024 og gildir í 12 ár.
 - 1.10 Katharina Kotschote, nýtt leyfi fyrir smáframleiðslu matvæla í vottaðri aðstöðu á Eiði Grundarfirði. Leyfi gefið út 5. apríl 2024 og er ótímabundið.

- 1.11 Vigraholt ehf. leyfi fyrir námu/ efnistökusvæði vegna vegagerðar í landi Saura 9 í Helgafelssveit. Leyfið var auglýst í 4 vikur á vef heilbrigðiseftirlitsins en engar athugasemdir bárust. Leyfið var gefið út 12. apríl 2024 og gildir í 12 ár.
- 1.12 Jarðboranir hf., tímabundið leyfi fyrir viðgerð á borholu MS-04 á Miðsandi Hvalfirði. Leyfið var auglýst í 4 vikur á vef heilbrigðiseftirlitsins en engar athugasemdir bárust. Leyfið var gefið út 23. apríl 2024 og gildir til ársloka.
- 1.13 Heildi ehf., nýtt leyfi fyrir rekstri hótel, gisting og veitingar að Stafholtsveggjum 2 í Borgarbyggð. Gestafjöldi er 34. Leyfið var gefið út 26. apríl 2024 og gildir í 12 ár.
- 1.14 Orkan IS ehf., endurnýjað leyfi fyrir afgreiðslu eldneytis á Brúartorgi 6 í Borgarnesi. Leyfi var auglýst á vef heilbrigðiseftirlitsins í 4 vikur en engar athugasemdir bárust. Leyfi gefið út 3. maí 2024 og gildir í 12 ár.
- 1.15 Gyltubúið Hýrumel ehf., nýtt starfsleyfi fyrir starfsemi á Hýrumel Borgarbyggð. Leyfi fyrir "gyltubú með stæði fyrir 600 gyltur og 1650 aligrísi yfir 30 kg.". Leyfið var auglýst í 4 vikur á vef heilbrigðiseftirlitsins. Engar athugasemdir bárust. Leyfið var gefið út 3. maí 2024 og gildir í 12 ár. Fram lengt leyfi fyrir Stjörnugríð ehf á Hýrumel, sem gilti til 29. júní 2024 er fellt niður á sama tíma.

Lagt fram

- 1.16 Lögð fram umsókn um framlengingu starfsleyfis fyrir Orku náttúrunnar ohf., fyrir Andakílsárvirkjun, 8.2 MW virkjun við Andakílsá. Gildistími nágildandi leyfis er frá 10. maí 2012 til 10. maí 2024. Umsókn um endurnýjun leyfis barst 29. nóvember 2023 og er nýtt starfsleyfi í vinnslu hjá heilbrigðiseftirlitinu, en beðið er frekari ganga frá rekstaraðila.
Samkvæmt 4. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1997, sbr. lög nr. 66/2020, er útgefanda starfsleyfis heimilt að framlengja gildistíma starfsleyfis á meðan nýtt starfsleyfi er í vinnslu, að hámarki til eins árs,

Heilbrigðisnefnd samþykkir að framlengja starfsleyfi fyrir Orku náttúrunnar ohf., fyrir Andakílsárvirkjun á meðan nýtt starfsleyfi er í vinnslu að hámarki í eitt ár eða til 10. maí 2025.

2. Starfsemi sem hefur fengið staðfesta skráningu skv. reglugerð nr. 830/2022 um skráningarskyldan atvinnurekstur skv. lögum nr. 7/1998.

- 2.1 Ólafur Örn Ásmundsson. Staðfesting á skráningu fyrir vinnslu fisks og annarra sjávarafurða, önnur en í viðauka I. að Hamraendum 5, Stykkishólmi. Auðkenni skráningar 407725.
- 2.2 Borgarbyggð. Staðfesting á niðurrif mannvirkja, Kleppjarnsskóla Borgarbyggð. Auðkenni skráningar 409913.
- 2.3 Fiskmarkaður Íslands hf. Staðfesting á skráningu fyrir vinnslu fisks og annarra sjávarafurða. Faxabraut 5 Akranesi. Auðkenni skráningar 410514.

Lagt fram

Umsagnir

3. **Umsagnir til sýslumanns**
Umsagnir til sýslumanns rekstrarleyfi

- 3.1 Umsókn Einars Sigurjóns Valdimarssonar f.h ESV ehf., um leyfi til reksturs veitingastaðar í flokki III – Veitingahús – á Sólvolllum 15 í Grundarfirði. Jákvæð umsögn var send 21. mars 2024.
- 3.2 Umsókn frá Örvari Bessasyni f.h Bgrill ehf um leyfi til reksturs veitingastaðar í flokki II, veitingahús að Digranesgötu 4 í Borgarnesi. Fjöldi gesta skv. umsókn er 140 manns. Jákvæð umsögn var send 22. mars 2024.
- 3.3 Umsókn frá Svövu Víglandsdóttur f.h Sýslumannssetursins ehf., til reksturs gististaðar / minna gistiheimili, á Helgugötu 5 í Borgarnesi. Fjöldi gesta er 14 manns. Jákvæð umsögn var send 22. mars 2024.
- 3.4 Umsókn Sveins Ragnarssonar f.h Heildi ehf., til reksturs hotels á Stafholtsveggjum 2, - Hótel Stafholt. Gestafjöldi er 34. Jákvæð umsögn var send 26. apríl 2024.

Umsagnir til sýslumanns tækifærисleyfi

- 3.5 Umsókn Einars Sigurjóns Valdimarssonar f.h. ESV ehf., um leyfi til reksturs veitingastaðar í flokki III , Veitingahús á Sólvolllum 15 í Grundarfirði. Jákvæð umsögn var send 21. mars 2024.
- 3.6 Umsókn frá Örvari Bessasyni f.h. Bgrill ehf., um leyfi til reksturs veitingastaðar í flokki II, veitingahús að Digranesgötu 4 í Borgarnesi. Fjöldi gesta er 140 manns. Jákvæð umsögn var send 22. mars 2024.
- 3.7 Umsókn frá Svövu Víglandsdóttur f.h. Sýslumannssetrið ehf. til reksturs gististaðar, minna gistiheimili á Helgugötu 5 í Borgarnesi. Fjöldi gesta er 14 manns. Jákvæð umsögn var send 22. mars 2024.
- 3.8 Umsókn Sveins Ragnarssonar f.h. Heildi ehf. til reksturs hotels á Stafholtsveggjum 2. Hótel Stafholt. Gestafjöldi er 34. Jákvæð umsögn var send 26. apríl 2024.
- 3.9 Umsókn Leikklúbbs Laxdæla um tímabundið áfengisleyfi á leiksýningu 27. mars 2024 í Dalabúð. Jákvæð umsögn var send 22. mars 2024.

Lagt fram

4. Umsagnir til sveitarfélaga og Skipulagsstofnunar um skipulagsmál Sveitarfélagið Stykkishólmur.

- 4.1 Skipulagslýsing vegna breytinga á Aðalskipulagi Helgafelssveitar vegna Birkilunds í landi Saura. Mál nr. 120/2024. Umsögn send 12. mars 2024.

Grundarfjörður

- 4.2 Skipulagslýsing fyrir breyttu Aðalskipulagi Grundarfjarðar 2019 -2039- Ölkeldudalur. Mál nr. 233/2024. Umsögn var send 21. mars 2024.
- 4.3 Ölkeldudalur – Skipulagslýsing fyrir endurskoðun á deiliskipulagi. Mál nr. 234/2024. Umsögn var send 21. mars 2024.

Borgarbyggð

- 4.4 Könnun á matskyldu framkvæmda vegna vegagerðar á Uxahryggjarvegi. Mál nr. 218/2024. Umsögn send 26. mars 2024.
- 4.5 Breyting á Aðalskipulagi Borgarbyggðar 2010-2022, íþróttasvæði, íbúðarsvæði og skólasvæði í Borgarnesi. Mál nr. 31/2024. Umsögn send 27. mars 2024.
- 4.6 Ásbrún, breytt deiliskipulag. Mál.nr. 243/2024. Umsögn send 16. apríl 2024.

- 4.7 Frístundabyggð Signýjarstöðum, Aðalskipulagsbreyting. Mál nr. 245/2023. Umsögn send 18. apríl 2024.
- 4.8 Varmaland, íbúðabyggð og stækkun á hóteli. Deiliskipulagsbreyting. Mál nr. 445/2024. Umsögn send 19. apríl 2024.
- 4.9 Miðgarður á Mýrum. Deiliskipulagsbreyting. Mál nr. 855/2023. Umsögn send 19. apríl 2024.

Kjósarhreppur

- 4.10 Breyting á Aðalskipulagi Kjósarhrepps 2017-2029 vegna Eyrí í Hvalfirði. Lýsing nýs deiliskipulags fyrir Eyrarþorp. Mál nr. 263/2023. Umsögn send 4. apríl 2024.

Akranes

- 4.11 Lýsing deiliskipulags Akraneshafnar. Mál nr. 187/2024. Umsögn var send 5. apríl 2024.

Dalabyggð.

- 4.12 Ljárskógar – Skógrækt. Umhverfismat framkvæmda – matsáætlun í kynningu. Mál nr. 301/2024. Umsögn var send 12. apríl 2024.
- 4.13 Ólafsdalur – Skipulagslysing vegna breytinga á Aðalskipulagi Dalabyggðar 2020-2032. Mál nr. 362/2024. Umsögn var send 16. apríl 2024.

Skipulagsstofnun

- 4.14 Kynning á matsskyldu Vindorkugarður á Grjóthálsi Borgarbyggð unnin af Cowi í mars 2024. Umsögn heilbrigðiseftirlits var send 12. apríl 2024.

Lagt fram

5. Andmæl KG Fiskverkunar ehf. og Valafells ehf

Lögð fram bréf Skúla Hansen lögmanns f.h. KG Fiskverkunar ehf., mál 41467 og Valafells ehf., mál 41492 dags. 30. mars 2024, þar sem andmælt er ákvörðun heilbrigðisfulltrúa um að leiðréttá eftirlitsskýrslu og bæta við fráviki og þess krafist að athugasemdalaus skýrsla standi. Jafnframt er andmælt ákvörðun um að fyrirtækin skuli setja upp hreinsibúnað á fráveitu í samræmi við skráningarskilyrði og starfsleyfisskilyrði.

Heilbrigðisnefnd felur framkvæmdastjóra að svara andmælunum.

6. Vöktunarskýrlur gamalla urðunarstaða.

Lagðar voru fram umhverfisvöktunarskýrlur vegna Búðardals og Höskuldsstaða 2023. Unnar af Umís ehf.

Lagt fram.

7. Mál sem tekin voru fyrir á eigendafundi 6. maí.

7.1 Breytingar á fyrirkomulagi heilbrigðiseftirlits.

Formanni og framkvæmdastjóra falið að vinna málið áfram skv. umræðu á fundinum.

7.2 Drög að samþykkt um vatnsverndarsvæði fyrir Vesturland og Kjósarsvæði var lögð fram.

Framkvæmdastjóra falið að vinna áfram í samþykktinni og leggja fyrir heibrigðisnefnd að nýju.

7.3 Drög að samþykkt um hunda-katta og gæludýrahald á Vesturlandi og í Kjósarreppi.

Framkvæmdastjóra falið að vinna áfram í samþykktinni og leggja fyrir heibrigðisnefnd að nýju.

7.4 Búið er að loka farvegi fyrir upphreinsun úr olíugildrum og fyrir mengaðan jarðveg sem ekki er lengur heimilt að setja á urðunarstaði. Í lögum um meðhöndlun úrgagns er það á ábyrgð sveitarfélaga að setja upp aðstöðu en engin aðstaða slík aðstaða er til.

Heilbrigðisnefnd vill upplýsa um þetta ástand.

7.5 Kynnt að heilbrigðiseftirlitið tók þátt í borðæfingu vegna hópsýkinga þann 30. apríl 2024.

Viðburðurinn var skipulagður af Landlæknisembættinu og Matvælastofnun. Ásamt þessum aðilum tók Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga og svæðislæknar sóttvarna þátt í æfingunni sem gekk vel.

8. Erindi Umhverfis orku og loftslagsráðuneytis vegna undanþágubeiðni Líflands hf.

Lagt fram ofangreint erindi URN dagsett 25. mars 2024 þar sem upplýst er að ráðuneytið áformar að vísa frá beiðni Líflands ehf. um undanþágu frá 24. gr. reglugerðar um hollustuhætti nr. 941/2002.

Lagt fram.

9. Önnur mál

9.1 Upplýst að tveir starfsmenn heilbrigðiseftirlitsins sóttu norrænan-baltískan fund Alþjóða heilbrigðisstofnunarinnar í Tallin 24-26. apríl 2024. Fundurinn fjallaði um áhættumiðað eftirlit með litlum vatnsveitum og var á fundinum kynnt hvernig slíkt eftirlit hefur verið framkvæmt hjá Heilbrigðiseftirliti Vesturlands.

9.2 Upplýst að Heilbrigðiseftirlit Vesturlands mun taka þátt í verkefni með fyrirtækinu Molendotech (molendotech.com) og munu tveir starfsmenn fyrirtækisins koma 13-16. maí n.k. og mæla fráveituvatn á Vesturlandi með tæki sem fyrirtækið hefur þróað, eftirlitinu að kostnaðarlausu.

Fundi slitið kl: 16:20

Fullgild rafran undirskrift
DÖRSTEINN NARFASON
Kennitala: 200366-5069
2024-05-27 17:32:04 GMT
Astaða: Undirskrift

Fullgild rafran undirskrift
SIGRÚN ÓLAFSDÓTTIR
Kennitala: 220465-5009
2024-05-27 17:34:22 GMT
Astaða: Undirskrift

Fullgild rafran undirskrift
KRISTINN HALLUR SVEINSSON
Kennitala: 210572-5979
2024-05-27 20:05:15 GMT
Astaða: Undirskrift

Fullgild rafran undirskrift
SKÚLI HREINN GUÐBJÖRNSSON
Kennitala: 240165-3179
2024-05-27 21:03:50 GMT
Astaða: Undirskrift

Fullgild rafran undirskrift
AUDUR KJARTANSÓTTIR
Kennitala: 230891-2309
2024-05-28 09:35:51 GMT
Astaða: Undirskrift

Fullgild rafran undirskrift
BIRKIR SNÆR GUÐLAUGSSON
Kennitala: 261087-3599
2024-05-28 12:53:55 GMT
Astaða: Undirskrift

Heilbrigðiseftirlit Vesturlands

190. fundur Heilbrigðisnefndar Vesturlands.

Fundurinn var fjarfundur á Teams haldinn 27. maí 2024 og hófst hann kl: 16.00.

Mætt : Kristinn Hallur Sveinsson, Auður Kjartansdóttir, Sigrún Ólafsdóttir, Birkir Snær Guðlaugsson og Skúli Hreinn Guðbjörnsson.

Dagskrá

1. Árskýrla Heilbrigðiseftirlits Vesturlands

Árskýrla lögð fram og kynnt.

2. Starfsleyfi sem Heilbrigðiseftirlit Vesturlands hefur gefið út í umboði heilbrigðisnefndarinnar

- 2.1 Sigurjón Guðmundsson Bjarteyjarsandi, Hvalfjarðarsveit. Nýtt starfsleyfi fyrir vatnsveitu fyrir Bjarteyjarsand frístundabyggð. Leyfið var gefið út 7. maí 2024 og gildir í 12 ár:
- 2.2 Hraundís Guðmundsdóttir, Ásvegi Hvanneyri. Nýtt starfsleyfi fyrir minna gistiheimili. Leyfið var gefið út 14. maí 2024 og gildir í 12. ár.
- 2.3 EB Þjónusta ehf. Nes, Reykholti. Nýtt starfsleyfi fyrir minna gistiheimili. Leyfið var gefið út 22. maí 2024 og gildir í 12. ár.
- 2.4 Mundialis ehf. Blikavatni, Borgarbyggð. Nýtt starfsleyfi fyrir minna gistiheimili. Leyfið var gefið út 22. maí 2024 og gildir í 12. ár.
- 2.5 Knattspyrnufélag Í.A. Hátíðarsalur Jaðarsbökkum, Akranesi. Nýtt starfsleyfi fyrir samkomustað. Leyfið var gefið út 22. maí 2024 og gildir í 12. ár.
- 2.6 SHG ehf. nýtt starfsleyfi fyrir hjólfarðaverkstæði að Sólbakka 11, Borgarnesi. Starfsleyfið var gefið út 27. maí og gildir í 12 ár.
- 2.7 Anton Freyr Friðjónsson. Nýtt starfsleyfi fyrir minna gistiheimili að Hóli 3, Hvalfjarðarsveit. Starfsleyfi var gefið út 27. maí 2024 og gildir í 12 ár.
- 2.8 Grundarfjarðarhöfn. Nýtt starfsleyfi fyrir námu/efnismóttöku á malarefni vegna fyrirhugaðar landfyllingar við Grundarfjarðarhöfn. Leyfið var gefið út 27. maí 2024 og gildir í 12 ár.
- 2.9 Rakel Mirra Njálsdóttir. Nýtt starfsleyfi fyrir smáframleiðslu og sölu matvæla að Jaðarbökkum 2A, á Aggapalli Akranesi, tímabundin starfsemi sumarið 2024. Leyfið var gefið út 27. maí 2024.

Lagt fram

3. Starfsemi sem hefur fengið staðfesta skráningu skv. reglugerð nr. 830/2022 um skráningarskyldan atvinnurekstur skv. lögum nr. 7/1998.

- 3.1 HB hár slf. Staðfesting á skráningu fyrir hársnyrtistofu Ólafsvík. Skráningarnúmer 420012
- 3.2 Héðinn hf. Staðfesting á skráningu fyrir bifreiða- og vélaverkstæði Tangavegi 1, Hvalfjarðarsveit. Skráningarnúmer 418560.

Lagt fram

Umsagnir

4. Umsagnir til sýslumanns

Umsagnir til sýslumanns rekstrarleyfi

- 4.1 Umsókn Jóhanns Péturssonar f.h. Blómsturvalla slf., til reksturs veitingastaðar í flokki II, tegund C-veitingastofa og greiðasala, Ólafsvík. Jákvæði umsögn send 14. maí 2024.
- 4.2 Umsókn Hraundísar Guðmundsdóttur, um leyfi til reksturs gististaðar í flokki II, tegund C- minna gistiheimili, Ásvegi 4, Borgarnesi. Gestafjöldi er 6 gestir. Jákvæð umsögn var send 14. maí 2024.
- 4.3 Umsókn Knattspyrnufélagsins í A um leyfi til reksturs veitingarstaðar, veitingaleyfi flokki II, tegund G-Samkomusalir. Hámarksfjöldi gesta skv. umsókn er 120 getir. Jákvæð umsögn var send þann 21. maí 2024.
- 4.4 Umsókn Sigurðar Árna Magnússonar um leyfi til reksturs gististaðar í flokki II, tegund C – minna gistiheimili að Hallvegartröð 12, Reykholti. Neikvæð umsögn send þann 21. maí 2024 þar sem starfsemin samræmist ekki skipulagi.
- 4.5 Umsókn EB þjónustu um leyfi til reksturs gististaðar í flokki II, tegund B – Stærra gistiheimili. Nesi Reykholti. Gestafjöldi 16 manns. Jákvæð umsögn send 22. maí 2024.
- 4.6 Umsókn Mundialis ehf. um leyfi til reksturs gististaðar í flokki II, tegund C – Minna gistiheimili. Gestafjöldi 10 gestir. Jákvæð umsögn send 22. maí 2024.

Umsagnir um tækifærисleyfi

- 4.7 Umsókn Sóleyjar Óskar Sigurgeirs dóttir fyrir hönd 2022 ehf. um leyfi fyrir Uppistand í Grímshúsi. Þann 8. júní frá kl. 18:00-01:00 í Grímshúsi Brákarbraut 27 c í Borgarnesi. Gestafjöldi er skv. umsókn 150 gestir. Jákvæð umsögn var send þann 27. maí 2024.

Lagt fram

5. Umsagnir til sveitarfélaga og Skipulagsstofnunar um skipulagsmál

Dalabyggð.

- 5.1 Umsögn um breytingu á deiliskipulagi Sælingsdalstungu. Mál nr. 330/2024. Umsögn var send 7. maí 2024.

Snæfellsnes

- 5.2 Umsögn um nýtt deiliskipulag í landi Axlar. Mál nr. 412/2024. Umsögn send 8. maí 2024.

Hvalfjarðarsveit

- 5.2 Umsögn um umhverfismatsskýrslu vegna framleiðslu rafeldsneytis á Grundartanga.
Umsögn var send 13. maí 2024.
- 5.3 Umsögn um skipulagslýsingu fyrir Litla Botnsland í Hvalfjarðarsveit. Umsögn send
16. maí 2024.

Lagt fram.

6. Mál af eigendafundi sem haldinn var 6. maí 2024.

- 6.1 Fundargerð eigendafundar var lögð fram.
Fundagerðin verður í framhaldi send sveitarfélögum til kynningar.
- 6.2 Breytingar á fyrirkomulagi heilbrigðiseftirlits.

Heilbrigðisnefnd samþykkir að senda sveitarfélögum erindi um málið til afgreiðslu.

Engin önnur mál og fundi slitið kl. 17:18



222. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn 18. mars 2024, á Teams

Mætt: Erla Friðriksdóttir formaður, Guðríður Þorvarðardóttir varaformaður, Arnheiður Jónsdóttir Karl Kristjánsson, Sigurður Halldór Árnason, Valdís Einarsdóttir, Arnar Kristjánsson og Magnús A. Sigurðsson.

Forföll: engin

Fundarritari: Jakob Stakowski.

Formaður setti fund kl. 10.05.

1. Fundargerð 221. fundar Breiðafjarðarnefndar

Fundargerð 221. fundar nefndarinnar, sem var haldinn 5. febrúar 2024.

Afgreiðsla:

Fundargerð lesin upp og samþykkt.

2. Umsögn vegna aðalskipulagsbreytingar í Sveitarfélaginu Stykkishólmi - Vigraholt

Breiðafjarðarnefnd barst beiðni um umsögn frá Sveitarfélaginu Stykkishólmi vegna breytinga á aðalskipulagi fyrir Vigraholt.

Afgreiðsla:

Breiðafjarðarnefnd ræddi drög að umsögn sem starfsmaður nefndarinnar undirbjó fyrir fundinn og samþykkti drögini.

3. Áfangaskýrsla stýrihóps um verndun hafsvæða

Matvælaráðherra skipaði í mars 2023 stýrihóp til að leiða vinnu við að skilgreina áherslur Íslands varðandi verndun hafsvæða innan íslenskrar lögsögu. Hlutverk stýrihópsins er að rýna stjórnkerfi verndunar og nýtingar hafsins, draga saman þekkingu sem er til varðandi hafsvæði við Ísland og afmarka svæði sem hafa mikið verndargildi, greina svæði með tilliti til vistfræðilegrar sérstöðu og gera tillögur að svæðum sem þarfust verndunar.

Breiðafjarðarnefnd ræddi áfangaskýrslu stýrihópsins á síðasta fundi og ákvað að senda stýrihópnum nokkrar athugasemdir og tillögur. Starfsmaður Breiðafjarðarnefndar undirbjó drög milli funda og sendi þau á nefndarfólk.

Afgreiðsla:

Breiðafjarðarnefnd ræddi drögini og ákvað að gera nokkrar breytingar. Drögini voru í kjölfarið samþykkt.



4. Fjármál

Breiðafjarðarnefnd vinnur að gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2024.

Afgreiðsla:

Lögð voru fram gögn um fjárheimild ársins 2024.

Breiðafjarðarnefnd ræddi fjárheimild nefndarinnar 2024 og fjárhagstöðu með tilliti til verkefna sem nefndin mun vinna að á árinu.

5. Vettvangsferð 2024

Breiðafjarðarnefnd undirbýr vettvangsferð sína sumarið 2024.

Afgreiðsla:

Breiðafjarðarnefnd ræddi vettvangsferðina og undirbúningsvinnu.

6. Greinargerð um mögulega endurheimt Hraunsfjarðar – uppfærð drög

Breiðafjarðarnefnd hefur haft í undirbúningi greinargerð um mögulega endurheimt Hraunsfjarðar á Snæfellsnesi. Vistkerfi Hraunsfjarðar tók miklum breytingum með þverun hans og stiflun við Mjósund. Breiðafjarðarnefnd hefur rætt möguleika á endurheimt fjarðarins og kynnti sér svæðið í vettvangsferð sinni sumarið 2023, þar sem Sigurður Már Einarsson, sérfræðingur á sviði ferskvatnsfiska hjá Hafrannsóknastofnun, kynnti fjörðinn og lífríki hans fyrir nefndinni, auk þess að veita ráðgjöf um mögulega endurheimt hans.

Breiðafjarðarnefnd er ráðherra til ráðgjafar hvað varðar verndarsvæði Breiðafjarðar og nefndin lítur á Hraunsfjörð sem mögulegt verkefni til að endurheimta náttúrulegt ástand á hluta verndarsvæðisins.

Afgreiðsla:

Breiðafjarðarnefnd ræddi drög á síðasta fundi en ákvað að gera nokkrar breytingar áður en greinargerðin verður send til umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra. Starfsmaður vann breytingar á milli funda. Nefndin kynnti sér þær á fundinum og samþykkti greinargerðina í kjölfarið. Starfsmaður sendir greinargerðina á ráðherra eftir fundinn.

7. Skýrsla um menningarlandslag frá Minjastofnun

Breiðafjarðarnefnd hefur fjallað ítrekað um Landlagssamning Evrópu í ljósi þess að verndarsvæði Breiðafjarðar er m.a. verndað fyrir landslag.

Á síðasta fundi áætlaði nefndin að ræða um skýrslu Minjastofnunar um menningar- og búsetulandslag á Íslandi, sem kynnir m.a. aðferðafræði til greiningar á landslagsgerðum en fresta þurfti þeirri umræðu vegna tímaskorts. Þess í stað var hún sett á dagskrá þessa fundar.

Skýrslan var unnin fyrir Minjastofnun árið 2020 og hægt er að nálgast hana [hér](#).



Afgreiðsla:

Starfsmaður Breiðafjarðarnefndar lagði skýrsluna fram til kynningar og sýndi nefndarfólk sérstaklega tillögur að aðferðafræði til greiningar á menningar- og búsetulandslagi.

Breiðafjarðarnefnd mun halda áfram að kynna sér löggjöf og aðferðir sem lúta að landslagi, í samræmi við markmið laga um vernd Breiðafjarðar og mikilvægi verndunar landslags við Breiðafjörð. Þrátt fyrir þessa skýrslu er, að mati nefndarinnar, enn margt óljóst varðandi landslagsvernd hér á landi, þar á meðal á verndarsvæðinu. Breiðafjarðarnefnd leggur áherslu á að því verði breytt.

8. Stýrihópur vegna framtíðar Breiðafjarðar

Stýrihópur vegna framtíðar Breiðafjarðar hefur starfað síðan 2022. Formaður Breiðafjarðarnefndar situr í stýrihópnum og var starfsmaður Breiðafjarðarnefndar auk þess starfsmaður stýrihóps til júlí 2023.

Fyrir liggur að stýrihópur haldi íbúafundi víðar um Breiðafjörð og var sá fyrsti haldinn í Stykkishólmi 11. mars. Upplýsingar um stýrihópinn, auk kynningarefnis, má finna á heimasíðu landshlutasamtaka SSV [hér](#) og Vestfjarðastofu [hér](#).

Afgreiðsla:

Breiðafjarðarnefnd ræddi í stuttu máli um íbúafundi stýrihóps og kynningarefni sem hefur verið gefið út.

Breiðafjarðarnefnd mun taka málið upp aftur þegar íbúafundir hafa farið fram.

9. Starfsskýrsla Breiðafjarðarnefndar 2023

Breiðafjarðarnefnd vinnur að gerð starfsskýrslu fyrir árið 2023.

Afgreiðsla:

Starfsmaður Breiðafjarðarnefnd mun senda drög að starfsskýrslu á nefndarmenn fyrir næsta fund.

10. Heimasíða Breiðafjarðarnefndar

Breiðafjarðarnefnd rekur heimasíðu þar sem allar helstu upplýsingar um starf nefndarinnar eru aðgengilegar.

Afgreiðsla:

Fyrir liggur að uppfæra nokkrar upplýsingar á heimasíðu nefndarinnar og endurskipuleggja hana að hluta. Starfsmaður Breiðafjarðarnefndar mun búa til drög að nýju veftré þar sem breytingatillögur eru sýndar og sendir það á nefndarfólk fyrir næsta fund.

11. Önnur mál



BREIÐAFJARÐARNEFND

Engin önnur mál voru rædd.

Næsti fundur Breiðafjarðarnefndar verður fjarfundur þann 23. maí kl. 10.30.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12.50.



180 fundur stjórnar SSV

Fundur haldinn í stjórn SSV, miðvikudaginn 6. mars kl. 09:30 að Bjarnarbraut 8 í Borgarnesi.

Mætt voru; Guðveig Eyglóardóttir, Líf Lárusdóttir, Ragnar Sæmundsson, Elín Gunnarsdóttir, Jósef Kjartansson, Júníana Óttarsdóttir, Sigurbjörg Ottesen. Jakob B. Jakobsson sat fundinn á Teams. Ingibjörg Steinudóttir mætti í forföllum Eyjólfs I. Bjarnasonar. Sigurður Guðmundsson boðaði forföll.

Guðveig Eyglóardóttir, formaður SSV, setti fund kl.09:30

1. Fundargerð frá 179 fundi stjórnar SSV

Formaður lagði fram fundargerð frá 179 fundi stjórnar SSV til staðfestingar. Stjórn staðfesti fundargerðina.

2. Aðalfundur SSV

Lögð fram dagskrá fyrir aðalfund SSV sem fer fram á Hótel Hamri miðvikudaginn 20 mars. Einnig var farið yfir dagskrá dagsins í heild, en þennan dag verða einnig aðalfundir Starfssendurhæfingar Vesturlands, Simenntunarmiðstöðvar Vesturlands, Heilbrigðisnefndar Vesturlands og Sorpurðunar Vesturlands.

3. Skipan kjörstjórnar

Á aðalfundi SSV 2024 verður kosin stjórn til næstu tveggja ára. Stjórn samþykkti að skipa eftirtalda aðila í kjörstjórn; Kristinn Jónasson, Lindu B. Pálsdóttur og Ragnar Sæmundsson.

4. Ársreikningur SSV 2023

Á fundinn mætti Sigriður H. Sveinsdóttir endurskoðandi hjá KPMG og kynnti drög að ársreikningi fyrir SSV. Stjórn samþykkti ársreikninginn og vísaði honum til afgreiðslu aðalfundar.

5. Skipan fulltrúa í stjórnir

Stjórn SSV hefur borist erindi frá Minjaráði þar sem óskað er eftir að skipaður verði fulltrúi í stjórn Minjaráðs Vesturlands. Stjórn samþykkti að skipa Sigurstein Sigurðsson menningarfulltrúa SSV í ráðið. Auk þess samþykkti stjórn að tilnefna Jóhönnu Maríu Sigmundsdóttir sem aðalfulltrúa í stjórn Símenntunarmiðstöðvar Vesturlands.

6. Varðveislusetur á Vesturlandi

Á fundinn mætti Sigursteinn Sigurðsson menningarfulltrúi og lagði fram greinargerð um varðveislusetur á Vesturlandi. Búið er að vinna drög að þarfagreiningu fyrir varðaveislusetur, en eftir er að kanna frekar hug sveitarfélaga til verkefnisins og vinna forsendugreiningu. Sigursteini var falið að vinna áfram að málinu.

7. Umsóknir frá SSV í C1 í byggðaáætlun

SSV sendi tvær umsóknir í aðgerðapottinn C1 undir byggðaáætlun. Umsókn um uppbyggingu íbúa- og gestastofu á Breiðabliki fékk 10.000.000 styrk, en verkefnið „Veldu Vesturland“ fékk ekki brautargengi.

8. Áhersluverkefni Sóknaráætlunar 2024

Lögð fram kynning á áhersluverkefnum sóknaráætlunar fyrir árið 2024, en umræða var um verkefnin á 179 fundi stjórnar sem og á fundi samráðsvettvangs Vesturlands sem fór fram 24. janúar s.l.. Verkefnin hafa verið send til Stýrihóps stjórnarráðsins um byggðamál til staðfestingar

9. Samningur um áfangastaðastofu

Framlagður samningur við Ferðamálastofu um starfsemi Áfangastaðastofu Vesturlands. Samningurinn er til 1 árs og stuðningur ríkisins til Áfangastaðastofu Vesturlands sá sami og undanfarin 3 ár eða kr.22.000.000.- Í tengslum við nýja ferðamálastefnu og aðgerðaráætlun verður samningurinn tekur til gagngerar endurskoðunar á árinu. Einnig voru kynnt drög að samningi Íslandsstofu við Markaðsstofu Vesturlands um stuðning við markaðssetningu á Vesturlandi. Ljóst er að framlag Íslandsstofu mun lækka um tæplega helming og lýsir stjórn SSV yfir vonbrigðum sínum með lækkunina og óttast áhrif hennar á markaðssetningu ferðamannastaða á landsbyggðinni.

10. Íbúafundir um Breiðafjarðarverkefnið

Kynning á fyrirhuguðum íbúafundum um Breiðafjarðarverkefnið, en verkefnið snýst um að skapa jafnvægi á milli verndar og nýtingar auðlinda við fjörðinn. Tveir fundir munu fara fram á Vesturlandi, annars vegar í Stykkishólmi 11 mars og á Laugum í Sælingsdal 18 mars.

11. Samgöngumál

SSV hefur skilað inn umsögn um aðgerðaráætlun samgönguáætlunar 2024-2029. Stjórn hefur þungar áhyggjur af stöðu vegamála á Vesturlandi og samþykkir að fela framkvæmdastjóra að óski eftir fundi með þingmönnum NV-kjördæmis, vegamálastjóra og innviðaráðherra.

12. Framlögð mál

Formaður kynnti fyrirhugaðan Farsældardag á Vesturlandi sem mun fara fram 4 apríl n.k.



SAMTÖK SVEITARFÉLAGA Á VESTURLANDI

181 fundur stjórnar SSV

Fundur haldinn í stjórni SSV, mánudaginn 6. maí kl. 09:30 að Bjarnarbraut 8 í Borgarnesi.

Mætt voru; Guðveig Eyglóardóttir, Ragnar Sæmundsson, Elín Gunnarsdóttir, Pétur Davíðsson, Sigurður Guðmundsson, Ingibjörg Þ. Steinudóttir, Jakob B. Jakobsson, Jósef Kjartansson og Júníana Óttarsdóttir. Sigurbjörg Ottesen sat fundinn á Teams. Einar Brandsson sat fundinn í forföllum Lífar Lárusdóttur. Páll S. Brynjarsson framkvæmdastjóri SSV ritaði fundargerð.

Guðveig Eyglóardóttir, formaður SSV, setti fund kl.09:30

1. Fundargerð frá 180 fundi stjórnar SSV

Formaður lagði fram fundargerð frá 180 fundi stjórnar SSV til staðfestingar. Stjórni staðfesti fundargerðina

2. Kosning varaformanns SSV

Í kjölfar kosninga á nýrri stjórni SSV á síðasta aðalfundi bar stjórni að kjósa varaformann samkvæmt samþykktum. Líf Lárusdóttir var kosin varaformaður SSV.

3. Fundur um vegamál

Í kjölfar ályktunar um vegamál á aðalfundi SSV var óskað eftir fundi með innviðaráðherra, forsvarsmönnum Vegagerðarinnar og þingmönnum. Fundurinn mun fara fram 10 maí n.k. í Gestastofu Snæfellinga á Breiðabliki og hefst kl.14.00

4. Breytingar á áhersluverkefnum Sóknaráætlunar Vesturlands

Framkvæmdastjóri kynnti tillögu að breytingum á fjárveitingum til áhersluverkefna. Stjórni samþykkti að samtals verði varið 4 m.kr. til þess að styrkja starf nýsköpunarsetra og samvinnurýma á Vesturlandi. Fjármagnið verður tekið úr verkefnunum Aðlaðandi Vesturland og Opinber störf á Vesturlandi, en þar var ónotað fjármagn.

5. Sóknaráætlun 2025-2029

Lögð fram verkáætlun og tilboð frá Urbana ehf. um ráðgjafavinnu við gerð Sóknaráætlunar Vesturlands 2025-2029. Framkvæmdastjóra falið að ganga til viðræðna við Urbana á grundvelli tilboðs.

6. Breiðafjarðarverkefnið

Farið yfir tillögur vinnuhóps um Forsendugreiningu fyrir verndun Breiðafjarðar með tilliti til byggðaþróunar og sjálfbærar nýtingar. Jafnframt var lögð fram tillaga að bókun vegna vinnu við haf- og strandsvæðaskipulag fyrir Breiðafjörð. Eftirfarandi bókun var samþykkt;

„Í mars 2024 voru haldnir þrír íbúafundir við Breiðafjörð á vegum verkefnisstjórnar umhverfis-, orku og loftlagsráðherra um verndun og nýtingu Breiðafjarðar. Á fundunum voru settar fram til umræðu drög að tillögum sem verkefnisstjórn hefur mótað á grundvelli stöðu-, hag og sviðsmyndagreininga. Tillögur verkefnisstjórnar fengu góðan hljómgrunn íbúa og þar með talin tillaga verkefnisstjórnar er fjallar um gerð skipulags haf- og strandsvæða við Breiðafjörð. Stjórn SSV telur mikilvægt koma á framfæri þeim vilja um að hefja beri verkefnið sem fyrst. Framkvæmdastjóra er falið að kalla eftir viðhorfi sveitarfélaga sem málið varðar og koma rökstuðningi til umhverfis og samgöngunefndar Alþingis.

7. Minnisblað um samvinnurými og nýsköpunarsetur

Lagt fram minnisblað um stuðning við samvinnurými og nýsköpunarsetur. Stjórn samþykkti að senda minnisblaðið til Innviðaráðuneytis og Byggðastofnunar.

8. Farsældardagur á Vesturlandi

Lagt fram minnisblað og dagskrá Farsældardags Vesturlands sem fer fram 16 maí n.k. Jafnframt er lögð fram kynning frá mennta- og barnamálaráðuneytinu á samþættingu verkefna undir hatti farsældar. Framkvæmdastjóri kynnti einnig að ráðuneyti mennta- barnamála væri reiðubúið til þess að gera viðaukasamning við Sóknaráætlun Vesturlands um að SSV fengi fjármagn til þess að ráða tímabundið starfsmanna til þess að útfæra starfsemi Farsældarráðs fyrir Vesturland og aukið samstarf sveitarfélaga varðandi farsæld barna.

Stjórn samþykkti að fela framkvæmdastjóra að vinna áfram að verkefninu og kynna það fyrir sveitarfélögunum ásamt drögum að samkomulagi um starf verkefnisstjóra.

9. Fréttir af vettvangi Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Einar Brandsson fulltrúi í stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga fór yfir helstu mál af vettvangi sambandsins.

10. Framlögð mál

- Framlögð fundargerð frá 947 fundi stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga
- Framlögð fundargerð frá 62 fundi SSNE

Fundi slitið kl.11.25

Fundargerð 947. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árið 2024, föstudaginn 19. apríl kl. 12:00 kom stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Heiða Björg Hilmisdóttir, Einar Brandsson, Einar Þorsteinsson, Freyr Antonsson, Guðmundur Ari Sigurjónsson, Hildur Björnsdóttir, Margrét Ólöf A. Sanders, Nanný Arna Guðmundsdóttir, Rósá Guðbjartsdóttir, Walter Fannar Kristjánsson og Jón Björn Hákonarson.

Að auki sátu fundinn Arnar Þór Sævarsson, Inga Rún Ólafsdóttir, Valgerður Rún Benediktsdóttir, Gréta Sveinn Theodórsson, Helga María Pálsdóttir, Pórdís Sveinsdóttir og Valur Rafn Halldórsson sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Fundargerð 946. fundar - 2309033SA

Lögð fram til kynningar fundargerð 946. fundar stjórnar sambandsins frá 5. apríl 2024 sem undirrituð hefur verið með rafrænum hætti.

2. Endurmörkun sambandsins - 2401009SA

Á fundinum verða lagðar fram tillögur að endurmörkun sambandsins, áður á dagskrá stjórnar sambandsins 12. janúar 2024, en þá var samskiptastjóra falið að vinna að endurmörkun í samvinnu við framkvæmdastjóra og koma með tillögur inn á fund stjórnar. Ragnar Jónsson og Ívar Björnsson frá Tvist auglýsingastofu komu inn á fundinn undir þessum lið og gerðu grein fyrir tillögunni.

Stjórn þakkar fyrir góða kynningu og samþykkir tillögu að endurmörkun Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir, bæjarfulltrúi í Hveragerði og formaður stafræns ráð sveitarfélaga, kom inn á fundinn undir lið 3 og 4.

3. Stafrænt ráð sveitarfélaga - 2009664SA

Lagðar fram fundargerðir 23., 24., 25., 26. og 27. fundar stafræns ráðs sveitarfélaga frá 15. nóvember 2023, 17. janúar og 21. febrúar, 20. mars og 17. apríl 2024.

4. Viljayfirlýsing um samræmt verklag sveitarfélaga í byggingarmálum - 2403016SA

Lögð fram til kynningar viljayfirlýsing Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar (HMS), Sambands íslenskra sveitarfélaga, Stafræns Íslands og Reykjavíkurborgar, dags. 2. apríl 2024, um samræmt verklag sveitarfélaga í byggingarmálum.

5. Starfsáetlun sambandsins 2024 - 2312016SA

Lögð fram til afgreiðslu starfsáetlun sambandsins fyrir árið 2024.

Stjórn samþykkir starfsáetlun Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir árið 2024.

6. Samkomulag ríkis og sveitarfélaga á grundvelli laga um opinber fjármál - 2009616SA

Lagt fram samkomulag um markmið um afkomu og efnahag sveitarfélaga árin 2025-2029 á grundvelli 11. gr. laga um opinber fjármál, nr. 123/2015. Einnig lagt fram sem trúnaðarskjall minnisblað samráðsnefndar um opinber fjármál til jónsmessunefndar um áætlaða afkomu sveitarfélaga 2025-2029.

Í tengslum við undirritun samkomulags um markmið um afkomu og efnahag sveitarfélaga árin 2025-2029 vill stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga áréttu að fjárhagsáetlanir sveitarfélaga markast af áralöngum hallarekstri sem, eins og margoft hefur komið fram, má að stórum hluta rekja til vaxandi útgjalda vegna málaflokkks fatlaðs fólks. Í desember sl. var undirritað samkomulag um breytingu á fjárhagsramma þjónustu sveitarfélaga við fatlað fólk sem var áfangi á þeirri leið að ná sátt um fjármögnun málaflokkssins. Ennþá er þó margt óunnið og mikilvægt að ríki og sveitarfélög vinni þétt saman að því að tryggja málafloknum fullnægjandi fjármögnun. Jafnframt ítrekað stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga mikilvægi þess að áfram verði unnið að endurskoðun á tekjustofnum sveitarfélaga með það að markmiði að þeir verði breikkaðir og styrktir svo að þeir geti raunverulega staðið undir þeirri þjónustu sem sveitarfélögum er ætlað að veita. Á sama tíma og gert er ráð fyrir hóflegum fjárfestingum þá er verið að kallað eftir aukinni fjárfestingu m.a. hvað varðar húsnæðisuppbýggingu með tilheyrandi innviðauppbýggingu en víða eru sveitarfélög nú þegar í innviðaskuld. Nauðsynlegt er að leggja mat á raunverulega fjárfestingabörf sveitarfélaganna. Sambandið leggur því áherslu á að áfram verði unnið markvisst að þeim fjölmörgu umbótaverkefnum sem samkomulagið kveður á um svo tryggja megi raunverulegan ávinning og árangur þess.

7. Fundir Jónsmessunefndar - 2401003SA

Lagðar fram fundargerðir samstarfsnefndar ríkis og sveitarfélaga - Jónsmessunefndar frá 10. janúar, 8. febrúar, 25. apríl, 10. maí, 14. júní, 9. október, 8. og 22. nóvember 2023 og 10. janúar og 2. apríl 2024.

8. Staða kjaramála - 2301032SA

Formaður samninganefndar sveitarfélaga gerir grein fyrir stöðu kjaramála í apríl 2024.

9. Verkefnistjórn fyrir hagsmunagæslu í úrgangsmálum - 2210013SA

Lögð fram fundargerð 95. fundar verkefnistjórnar fyrir hagsmunagæslu í úrgangsmálum frá 13. mars 2024.

10. Velferðarvaktin - 2009312SA

Lagt fram bréf Velferðarvaktarinnar, dags. 28. febrúar 2024, um stöðu tekjuminni hópa á húsnæðismarkaði.

Walter Fannar Kristjánsson vék af fundi kl. 14:40.

11. Fyrirkomulag eftirlits með hollustuháttum og mengunarvörnum og matvælum - 2301022SA

Endurskoðun á eftirlitskerfi með hollustuháttum, mengunarvörnum og matvælum.

Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga tekur undir að þörf sé á að ráðist verði í heildstæða endurskoðun á núverandi eftirlitskerfi með hollustuháttum og mengunarvörnum. Við þá endurskoðun sé mikilvægt að greina kosti og galla enda eru þau gögn sem liggja fyrir í dag ekki fullnægjandi til að sveitarfélög geti tekið afstöðu til mögulegra breytinga á eftirlitskerfinu. Þegar sú greining liggur fyrir sé jafnframt mikilvægt að hún sé kynnt vel fyrir sveitarstjórnum svo þau geti tekið upplýsta afstöðu til málsins.

12. Tillaga til landsþings - 2304024SA

Lögð fram tillaga fulltrúa Skagafjarðar, Húnabyggðar, Húnaþings vestra, Skagastrandar og Skagabyggðar sem kynnt var á Landsþingi Sambands íslenskra sveitarfélaga þann 14. mars 2024.

Stjórn þakkar fyrir brýninguna og tekur undir að það er mikilvægt að þessari mikilvægu vinnu verði lokið eigi síðar en 1. júní 2024.

13. Endurskoðun á byggingarreglugerð - 2404022SA

Endurskoðun á fyrirkomulagi byggingareftirlits.

Í tengslum við yfirstandandi endurskoðun á fyrirkomulagi byggingareftirlits, sem er hluti af aðgerðaáætlun við rammasamning sambandsins og ríkisins í húsnæðismálum, leggur stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga áherslu á að hugmyndir að breytingum verði kynntar vel fyrir sveitarstjórnum svo að þau geti tekið upplýsta afstöðu til málsins.

14. Fundargerð XXXIX. landsþings sambandsins - 2304024SA

Lögð fram til kynningar fundargerð XXXIX. landsþings Sambands íslenskra sveitarfélaga sem haldið var í Silfurbergi í Höru í Reykjavík, 14. mars 2024.

15. Tilnefning í starfshóp til að vinna að þróun og nýsköpun í þjónustu við fatlað fólk - 2402024SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins, dags. 19. mars 2024, þar sem Ólafur Garðar Rósinkarsson, teymisstjóri í málefnum fatlaðra hjá Reykjanesbæ, er tilnefndur í starfshóp til að vinna að þróun og nýsköpun í þjónustu við fatlað fólks.

16. Tilnefning í stjórn Vinnueftirlits ríkisins 2024-2028 - 2403018SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins, dags. 2. apríl 2024, þar sem Valur Rafn Halldórsson, sviðsstjóri þjónustusviðs sambandsins, og Inga Rún Ólafsdóttir, formaður samninganefndar sveitarfélaga, eru tilnefnd í stjórn Vinnueftirlits ríkisins.

17. **Endurtilnefning í stýrihóp um framfylgd þingsályktunar um forvarnir gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni - 2103036SA**
Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til forsætisráðuneytisins, dags. 2. apríl 2024, þar sem Helga María Pálsdóttir, sviðsstjóri stjórnsýslusviðs sambandsins, er tilnefnd í stýrihóp um framfylgd þingsályktunar um forvarnir gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni fyrir árin 2021-2025.
18. **Tilnefning í fagráð um umferðarmál - 2402035SA**
Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til innviðaráðuneytisins, dags. 3. apríl 2024, þar sem Þórkatla Soffía Ólafsdóttir, bæjarfulltrúi í Vesturbyggð, og Helgi Kjartansson, oddviti í Bláskógbabyggð, eru tilnefnd í fagráð um umferðarmál. Það þeirra sem ráðherra skipar ekki verður varamaður hins.
19. **Tilnefning í starfshóp um einn feril húsnaðisuppbryggingar - 2403030SA**
Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til innviðaráðuneytisins, dags. 3. apríl 2024, þar sem Vigfús Þór Hróbjartsson, skipulagsfulltrúi Umhverfis- og tæknisviðs Uppsveita bs., er tilnefndur í starfshóp um einn feril húsnaðisuppbryggingar.
20. **Tilnefning í starfshóp um innviðaleið - 2403014SA**
Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til matvælaráðuneytisins, dags. 4. apríl 2024, þar sem Ívar Karl Haflidason, sveitarstjórnarfulltrúi í Múlaþingi og Arna Lára Jónsdóttir, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar, eru tilnefnd í starfshóp um innviðaleið.
21. **Skipun í faggildingarráð - 2310013SA**
Lagt fram til kynningar bréf menningar- og viðskiptaráðuneytisins, dags. 8. mars 2024, þar sem Óskar Ísfeld Sigurðsson, deildarstjóri Matvælaeftirlitsins er skipaður í faggildingarráð.
22. **Tilnefning í stýrihóp um eftirlitskerfi með hollustuháttum og mengunarvörnum og matvælum - 2403038SA**
Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til umhverfis-, orku- og lofslagsráðuneytisins, dags. 9. apríl 2024, þar sem Valgerður Rún Benediktsdóttir, er tilnefnd í stýrihóp um eftirlitskerfi með hollustuháttum og mengunarvörnum og matvælum.
23. **Tilnefning í loftslagsráð - 2403023SA**
Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins, dags. 9. apríl 2024, þar sem Guðbjörg Oddný Jónasdóttir, formaður umhverfis- og framkvæmdaráðs Hafnarfjarðarbæjar, Dóra Björt Guðjónsdóttir, formaður umhverfis- og skipulagsráðs Reykjavíkurborgar og Stefán Þór Eysteinsson, formaður bæjarráðs Fjarðabyggðar eru tilnefnd í loftslagsráð.

**24. Umsögn um drög að stefnu um sjálfbæra þróun til 2030 hvítbók -
2403024SA**

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til forsætisráðuneytisins, dags. 19. mars 2024, um drög að stefnu um sjálfbæra þróun til 2030 (hvítbók), S-59/2024. mál.

**25. Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um þjóðlendur og
ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afréttu - starfslok
óbyggðanefndar - 2403033SA**

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis, dags. 21. mars 2024, um frumvarp til laga um breytingu á lögum um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afréttu, nr. 58/1998 (starfslok óbyggðanefndar. 737. mál, ásamt fylgiskjali).

26. Umsögn um drög að frumvarpi til laga um námsgögn - 2403035SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til mennta- og barnamálaráðuneytisins, dags. 25. mars 2024, um drög að frumvarpi til laga um námsgögn, mál nr. S-74/2024.

27. Umsögn um frumvarp til sóttvarnarlagu - 2404004SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til velferðarnefnd Alþingis, dags. 8. apríl 2024, um frumvarp til sóttvarnarlagu, 867. mál.

**28. Umsögn um frumvarp til laga um slit ógjaldfærra opinberra aðila -
2404008SA**

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, dags. 9. apríl 2024, um frumvarp til laga um slit ógjaldfærra opinberra aðila, 705. mál, ásamt fylgiskjali.

Fundi var slitið kl. 15:05.

Fundargerð 462. fundar stjórnar Hafnasambands Íslands

Árið 2024, föstudaginn 22. mars kl. 08:30 kom stjórn Hafnasambands Íslands saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Lúðvík Geirsson, Gunnar Tryggvason, Pétur Ólafsson, Hanna Björg Konráðsdóttir, Þórdís Sif Sigurðardóttir, Elliði Vignisson, Björn Arnaldsson og Dóra Björk Gunnarsdóttir.

Að auki sat fundinn Ingibjörg Hinrikssdóttir, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Ársreikningur Hafnasambands Íslands 2023 - 2401002HA

Lögð fram drög að ársreikningi Hafnasambands Íslands fyrir árið 2023.

Samþykkt að vísa ársreikningnum til kynningar hjá aðildarhöfnum, sbr. ákvæði í 5.mgr. 5. gr. laga hafnasambandsins, og til skoðunar hjá kjörnum skoðunarmönnum. Afgreiðslu frestað þar til þessu er lokið.

2. Frumvarp til laga um breytingu á hafnalögum - gjaldtaka, rafræn vöktun o.fl. - 2403001HA

Lagt fram til umræðu frumvarp til laga um breytingu á hafnalögum, nr. 61/2003 (gjaldtaka, rafræn vöktun o.fl.) sem lögð voru fram á Alþingi 18. mars sl.

Formanni og starfsmanni falið að útbúa umsögn fyrir hönd Hafnasambands Íslands í samræmi við umræður á fundinum.

3. Álitsgerð um umhverfismiðaða gjaldtöku sveitarfélagshafna - 2403002HA

Lögð fram álitsgerð frá Lagastofnun Háskóla Íslands, dags. 8. desember 2024, um umhverfismiðaða gjaldtöku sveitarfélagshafna sem reknar eru skv. 1. og 2. tölulið 8. gr. hafnalaga nr. 61/2003.

Ákveðið að taka málið aftur upp á næsta fundi stjórnar.

4. Samgönguáætlun 2024-2038 - 2307001HA

Formaður sagði frá fundi með umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis.

5. Orkusjóður - landtengingar - 2309002HA

Rætt um auglýsingu Orkusjóðs um styrki vegna orkuskipta. Ljóst af samtöllum við ráðamenn sjóðsins, að ekki er gert ráð fyrir stuðningi við háspennulandtengingar vegna erlendra togarara, farmskipa og farþegaskipa, né verkefna sem þegar hafa verið unnin. Stjórnin telur réttast að framlög og styrkir til landtenginga á höfnum eigi að vera innan samgönguáætlunar fyrir allar hafnir landsins.

Gunnar Tryggvason vék af fundi kl. 08:56.
Þórdís Sif Sigurðardóttir vék af fundi 08:59.

6. Tryggingamál hafnasjóða - 2310001HA

Rætt að nýju um tryggingamál hafna og réttarstöðu þeirra þegar kemur að tjóni en málið var tekið fyrir þann 19. október 2023. Á þeim fundi var samþykkt að láta vinna aftur minnisblað um réttastöðu hafna í tryggingamálum. Formaður lagði áherslu á að fá fram frá álit og ábendingar frá fulltrúum í stjórninn í þá vinnu.

7. Fundaáætlun og vorferð - 2401001HA

Rætt um fundaáætlun og vorferð stjórnar hafnasambandsins 2024.

Vorferð stjórnar verður farin til Þorlákshafnar og Vestmannaeyja 6.-7. maí, þá verður jafnframt fundur í stjórn. Samþykkt að fella niður fund 29. apríl en boða frekar til auka fundar ef ástæða er til.

Fundi var slitið kl. 09:00

Fundargerð 463. fundar

stjórnar Hafnasambands Íslands

Árið 2024, þriðjudaginn 7. maí kl. 11:00 kom stjórn Hafnasambands Íslands saman til fundar í Vestmannaeyjum.

Fundinn sátu: Lúðvík Geirsson, Gunnar Tryggvason, Pétur Ólafsson, Björn Arnaldsson og Dóra Björk Gunnarsdóttir.

Að auki sat fundinn Valur Rafn Halldórsson, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Ársreikningur Hafnasambands Íslands 2023 - 2401002HA

Tekið fyrir að nýju, áður á dagskrá stjórnar hafnasambandsins 22. mars 2024, en þá var afgreiðslu frestað og samþykkt að vísa ársreikningnum til kynningar hjá aðildarhöfnum, sbr. ákvæði í 5. mgr. 5. gr. laga hafnasambandsins, og til skoðunar hjá kjörnum skoðunarmönnum. Kjörnir skoðunarmenn hafa samþykkt reikninginn og leggja til að hann verði samþykktur. Engar athugasemdir hafa borist frá aðildarhöfnunum.

Ársreikningurinn samþykktur og staðfestur með rafrænni undirritun stjórnarmanna.

2. Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á hafnalögum - gjaldtaka, rafræn vöktun o.fl. - 2403001HA

Lögð fram til kynningar sameiginleg umsögn Samband íslenskra sveitarfélaga og Hafnasambands Íslands til samgöngunefndar Alþingis, dags. 19. apríl 2024, um frumvarp til laga um breytingu á hafnalögum, 830. mál. Formaður gerði grein fyrir málinu og sagði frá fundi með samgöngunefnd Alþingis vegna málsins.

Formanni falið að ræða við Vegagerðina um að teikna upp drög að mörkum hafnasvæða valinna hafna m.v. þær tillögur sem liggja fyrir í frumvarpi til laga um breytingu á hafnalögum.

3. Siglingaráð - 2009019HA

Lögð fram til kynningar fundargerð 45. fundar Siglingarráðs frá 8. febrúar 2024.

4. Drög að dagskrá Hafnasambandsþings - 2210002HA

Lögð fram drög að dagskrá Hafnasambandsþings 2024.

Fundi var slitið kl. 12:30



Fundargerð aðalfundar 2024

Aðalfundur Landskerfis bókasafna hf. árið 2024 var haldinn í húsakynnum félagsins að Katrínartúni 4, 105 Reykjavík, 7. maí 2024 kl. 11:00. Mættir voru fulltrúar 13 hluthafa sem eiga 83.78 % hlutafjár og lögðu þeir fram umboð sín. Fundurinn kaus Erlu S. Árnadóttur, fundarstjóra og Stefáníu Gunnarsdóttur, ritara. Fundarstjóri lýsti því yfir að löglega hafi verið til fundarins boðað og fundurinn væri sóttur af hluthöfum er fara með tilskilið magn hlutafjár. Væri fundurinn því lögmætur.

Dagskrá fundarins var skv. samþykktum félagsins og voru mál tekin fyrir sem hér segir:

1. Viktor Jens Vigfússon, stjórnarformaður flutti skýrslu stjórnar um starfsemi undanfarins árs.
2. Sveinbjörg Sveinsdóttir, framkvæmdastjóri, fór yfir ársreikning fyrirtækisins en hann var sendur til allra hluthafa fyrir fundinn. Ársreikningurinn var samþykktur einróma.
3. Fram kom tillaga um eftirfarandi aðalmenn og varamenn í stjórn félagsins:
 - Viktor Jens Vigfússon (kt. 200767-4039), aðalmaður.
 - Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir (kt. 130255-2059), aðalmaður.
 - Pálína Magnúsdóttir (kt. 151163-7269), aðalmaður.
 - Árni Konráð Bjarnason (kt. 130459-6179), aðalmaður.
 - Guðmundur Axel Hansen (kt. 160577-4879), varamaður.
 - Stefánía Gunnarsdóttir (kt. 311071-5219), varamaður.

Þessir eru réttkjörnir til stjórnar. Þá var gerð tillaga um að Ríkisendurskoðun yrði kjörinn endurskoðandi og var tillagan samþykkt samhljóða.

4. Lagt er til að hagnaður af rekstri ársins 2023 gangi til uppbyggingar og eflingar félagsins, eins og ráð er fyrir gert í samþykktum þess og fyrirliggjandi ársreikningi. Samþykkt einróma.
5. Lögð var fram tillaga um að þóknun til stjórnarmanna frá aðalfundi 2024 til aðalfundar 2025 hækki um 3,5% og verði því kr. 37.204 á mánuði en stjórnarformaður fái tvöfalda þá upphæð. Þá var lagt til að Ríkisendurskoðun yrði greitt skv. reikningi. Tillagan var samþykkt samhljóða.
6. Önnur mál.

Fundurinn fól fundarritara og fundarstjóra að ganga frá fundargerð fundarins.

Fundi var slitið kl. 11.45.

Erla S. Árnadóttir

Stefánía Gunnarsdóttir

Kristinn Jónasson

From: Sveinn Þór Elinbergsson <sveinn@fssf.is>
Sent: fimmtudagur, 30. maí 2024 16:16
To: Jakob Björgvin Jakobsson; oddviti@eyjaogmikla.is; Hrafnhildur Hallvarðsdóttir - FSN;
Björg Ágústsdóttir; Kristinn Jónasson
Subject: fundarboð og gögn aðalfundar FSS v. rekstursársins 2023
Attachments: Þjónustupættir skólapjónustu FSS til leik- og grunnskóla maí 2024.docx; Félags- og skólapjónusta Snæfellinga drög að ársreikningi 2023 til stjórnar og aðalfundar.pdf

Til bæjarstjóra, oddvita og stjórnar FSS!

Komið þið sæl og blessuð, öllsömul!

Hér með boða ég til aðalfundar Félags- og skólapjónustu Snæfellinga bs. vegna rekstursársins 2023 miðvikudaginn 3. júlí.

Fundurinn fer fram í fundarsal bæjarskrifstofu Grundarfjarðarbæjar og hefst kl. 10.30

Dagskrá:

1. Kosning fundarstjóra og ritara
2. Skýrsla stjórnar rekstursársins 2022 – 2023
3. Kynning og afgreiðsla Ársreiknings 2023
4. Kosning stjórnar Félags- og skólapjónustu Snæfellinga bs. starfsárið 2023 - 2024
5. Önnur mál

Fundurinn er opinn bæjarstjórum, bæjarfulltrúum og oddvita aðildarsveitarfélaga byggðasamlagsins um rekstur Félags- og skólapjónustu Snæfellinga bs.

Kveðja,
Sveinn Þór Elinbergsson, forstöðumaður

Í viðhengi:

Ársreikningur FSS rekstursárið 2023

Yfirlit umfangs þjónustupátta og fjölða starfsmanna FSS

Rafrænt fundarboð aðalfundar hefur einnig verið sent til oddvita og bæjarstjóra. Vinsamlegast áframsendið til kjörinna fulltrúa í sveitarstjórnunum!

Sérfræðipjónusta FSS við leik- og grunnskólana á Snæfellsnesi 2024

Markmið og hlutverk

Veita leik- og grunnskólum aðildarsveitarfélaganna sérfræðiaðstoð, grundvallaða á gildandi ákvæðum laga og reglugerða um þessar skólastofnanir auk þess að veita öllum aðilum skólasamfélagsins ráðgjöf, annast og skipuleggja sameiginlegt námskeiðahald og endurmenntun kennara og starfsfólks og styðja við forvarnastarf í samvinnu við skólastofnanir, ráðuneyti, sveitarfélög, heilsugæslu, löggreglu, fagstofnanir og félagasamtök. Þjónustubeiðnir berist FSS og viðkomandi fagaðila á útfylltu tilvísanablaði, undirrituðu af ftr. skóla og foreldris.

Skólastofnanir - nemendafjöldi

• Grunnskóli Grundarfjarðar	Nemendafjöldi	109
• Leikskólinn Sólvellir, Grundarfirði	Nemendafjöldi	50
• Grunnskóli Snæfellsbæjar	Nemendafjöldi	209
• Leikskólar Snæfellsbæjar	Nemendafjöldi	86
• Grunnskólinn í Stykkishólmi	Nemendafjöldi	180
• Leikskólinn Stykkishólmi	Nemendafjöldi	89

Samtals: 3 leikskólar (nemfj. 225) / 3 grunnskólar (nemfj. 498)

Nemendur alls: 723

Þjónustubættir

- Ráðgjöf til sveitarfélaga, skólanefnda, stjórnenda, kennara, foreldra,
- Þjónusta talmeinafræðings
- Þjónusta skolasálfræðings
- Þjónusta kennslu- og námsráðgjafa
- Þjónusta umsjónarþroskaþjálfa við skóla og foreldra v. skólavistar fatlaðra nemenda í leik-, grunnsk- og starfsbrautarnemendur í Fjölbautaskóla Snæfellinga
- Þjónusta félagsráðgjafa v. skólfélagsráðgjafar
- Endurmenntun / námskeið kennara, e.atvikum; enn fremur „skólamálaþing snæfellskra skóla“
- Ráðgjöf og leiðsögn vegna fatlaðra nemenda; skilafundir með greiningaraðilum, skólum og foreldrum
- Lausnarleitarteymi með aðkomu skólapjónstu, félagsþjónstu og barnavernd FSS
- Þátttaka í starfi nemendaverndarráða að beiðni grunnskólastjóra hverju sinni
- Þátttaka í teymisvinnu v. nemenda
- Greiningarpróf – fyrirlögn, úrvinnsla, endurmat
- Skilafundir – eftirfylgni – endurmat
- Samskipti við stofnanir í ytra sérfræðiumhverfi: miðlun upplýsinga
- Innleiðing farsældarlaga / sampættrar þjónustu við börn; og samhæfing verklags og stýringa; Leiðsögn og eftirfylgni verklags- og skráningarregla; starfshættir tengiliða, málastjóra; samræmt verklag og skráningarkerfi stigskiptrar þjónustu við börn
- Inngildingarlög næsta veturn; breytingar á skólapjónustu sveitarfélaga o.fl.

Starfsfólk sérfræðiþjónustu við grunn- og leikskóla á vormisseri 2024

Óski skóli eftir sérfræðiþjónustu FSS fyllir deildarstjóri stoðþjónustu skólasstofnunar út þar til gert eyðublað, leitar samþykkir foreldris með undirskrift beggja og sendir til FSS: Sjá fylgiskjal; eyðublað/ tilvísun, umsókn um sérfræðiþjónustu FSS

- *Ráðgjöf til skólastjórnenda, foreldra, sveitarfélaga:* :
Forstöðumaður, yfirfélagsráðgjafi
- *Ráðgjöf til kennara, starfsfólks, foreldra og nemenda:* Náms- og starfsráðgjafi vikulega í hverjum grunnskóla
- *Sálfraðiþjónusta* Skólasálfræðingar x 2 í tímabundinni verktöku skv. tilvísunum skólastofnana
- *Talmeinaþjónusta* Talmeinafræðingur - þjónustusamningur pr. ár skv. tilvísunum skólastofnana
- *Skólagélagsráðgjöf* Félagsráðgjafar skv. tilvísunum skólastofnana
- *Umsjónarþroskabjálfí* Þroskaþjálfí skv. tilvísun, samráð um tímasetningu
- *Nemendaverndarráð – Fulltrúi skólapjónustu að mati / vali skólastjóra og inntaki máls hverju sinni:*
- *Teymispátttaka* Náms- og starfsráðgjafi, kennslu- og námsráðgjafi, félagsráðgjafar e. atvikum, beiðni og inntaki máls
- *Aðstoð við skipulagningu sameiginlegrar endurmenntunar skólastofnana auk „skolamálapings“ annað hvert ár* Forstöðumaður, náms- og starfsráðgjafi
- Verkefnastjóri innleiðing farsældarlaga; samþætting þjónustu við börn

Starfsfólk og stöðugildi félags- og skólapjónustu FSS

Sveinn Þór Elinbergsson	forstöðumaður (1)
Berglind Elva Tryggvadóttir	náms- og starfsráðgjafi (1)
Brynda Mjöll Ólafsdóttir	ráðgjafi / umsjón stoðþjónustu sveitarfélaganna (0.8)
Inga Stefánsdóttir	skólasálfræðingur grunnskóla tímabundin verktaka
Anton Scheel Birgisson	skólasálfræðingur leikskóla tímabundin verktaka
Ragnar Hjörvar Hermannsson	talmeinafræðingur – þjónustusamningur hvert ár.
Ingveldur Eyþórsdóttir	yfirfélagsráðgjafi (1)
Anna Lind Særúnardóttir	félagsráðgjafi (1)
Kristrún Hafsteinsdóttir	félagsráðgjafi (0.8)
Sigrún Ólafsdóttir	verkefnastjóri farsældar og samþættrar þjónustu barna (0.4)
Jón Haukur Hilmarsson	fagstjóri þjón. fatlaðra / fstm. Íbúðakjarna (1)
Þórheiður Elin Sigurðardóttir	forstöðumaður Smiðjunnar (1)
Eydís Bergmann Eyþórsdóttir	forstöðumaður Ásbyrgis (1)

Starfsfólk dagbjónustu og hæfingarstöðvanna: Smiðjan 4 stg; Ásbyrgi 5 stg; (9.0 stg)

Starfsfólk þjónustu/búðakjarna fatlaðs fólks eru 10, auk forstöðumanns, í 10 stöðugildum

Önnur þjónusta FSS við fatlaða: 1 NPA samningur; 1 skammtímavistun; 7 stuðningsfjölskyldur

Samtals eru stöðugildi 28 í rekstri FSS auk útvistaðra þjónustukaupa FSS v. þjónustu fatlaðra.

Önnur stuðningsþjónusta sveitarfélaganna, á ábyrgð og verkstjórn FSS, er félagsleg liðveisla fatlaðra, tímalaun, greidd líkt og félagsleg liðveisla af hverju sveitarfélagi fyrir sig.

Fjöldi stöðugilda heimaþjónustu sveitarfélaganna undir verkstjórn FSS; Grundarfjarðarbær 1.05 stg;

Snæfellsbær 1, 2 stg. Sveitarfélagið Stykkishólmur yfirtók stjórnun heimaþjónustu þar sl. haust.

Beðið er afgreiðslu sveitarfélaganna á regludögum FSS að akstursþjónustu fatlaðra og eldri borgara.

Gert er ráð fyrir framkvæmd og rekstur þeirrar þjónustu verði á hendi hvers sveitarfélags fyrir sig.

23. maí 2024, Sveinn Þór Elinbergsson

Kristinn Jónasson

From: Þorsteinn Narfason <thorsteinn@hev.is>
Sent: þriðjudagur, 28. maí 2024 12:11
To: Jakob Björgvin Jakobsson; sveitarstjori@dalir.is; skorradalur@skorradalur.is; sveitarstjori@borgarbyggd.is; linda@hvalfjardarsveit.is; bjorg@grundarfjordur.is; Kristinn Jónasson; oddviti@eyjaogmikla.is; haraldurb@akranes.is; sveitarstjori@kjos.is
Cc: Heilbrigðiseftirlit Vesturlands; kristinns@akranes.is; Auður Kjartansdóttir; skuli@dalir.is; traustigylfason@gmail.com; agusta@grundarfjordur.is; birkir@hvalfjardarsveit.is; sigrun.olafs@borgarbyggd.is; akranes@akranes.is; hvalfjardarsveit@hvalfjardarsveit.is; gardarv@dalir.is; thjonustuver@borgarbyggd.is; steinar.adolfsson@akranes.is; bjarnisig@grundarfjordur.is; pall@ssv.is; gudveig.eygloardottir@borgarbyggd.is; Einar Brandsson
Subject: Erindi til sveitarstjórna á Vesturlandi og í Kjósarhreppi
Attachments: Bokun Samtaka heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi.pdf; 20240527_Erindi til sveitarstjórna_undirritað.pdf

Heil og sæl

Á fundi Heilbrigðisnefndar Vesturlands sem var haldinn í gær rætt um breytingu á fyrirkomulagi eftirlits þar sem uppi eru um hugmyndir að fára starfsemi heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga til ríkisins. Á fundinum samþykkti heilbrigðisnefnd að senda sveitarstjórnum á Vesturlandi og í Kjósarhreppi meðfylgjandi erindi til afgreiðslu. afgreiðslu. Eða eins og segir í niðurlagi bréfsins.

Í framhaldi af þessu er óskað eftir að málið verði tekið fyrir í sveitarstjórnum á Vesturlandi og í Kjósarhreppi. Heilbrigðisnefnd Vesturlands vonast til að sveitarstjórnir geti tekið undir bókun stjórnar Samtaka heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi frá 8. nóvember 2023 og tekið skyrá afstöðu gegn því að starfsemi heilbrigðiseftirlits verði færð til ríkisins. Umhverfisráðherra hefur upplýst að ekki verði af breytingunum ef sveitarfélög vilji ekki fara í þær því er mikilvægt að ráðuneytið sé upplýst um afstöðu sveitarstjórna.

Meðfylgjandi er einnig bókun samtaka heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi sem vísað er til í erindinu.

Hlekkur á skýrslu starfshóps um fyrirkomulag eftirlits með hollustuháttum og mengunarvörnum og matvælum.

Kveðja,

Þorsteinn Narfason,
framkvæmdastjóri
Heilbrigðiseftirlit Vesturlands
s. 431 2750, farsími. 6206566

Heilbrigðiseftirlit Vesturlands

Erindi til sveitarstjórna á Vesturlandi og í Kjósarhreppi.

TILLÖGUR RÍKISINS UM BREYTINGU Á FYRIRKOMULAGI HEILBRIGÐISEFTIRLITS

Á eigendafundi sem haldinn var þann 6. maí voru kynntar tillögur ríkisins um breytingu á fyrirkomulagi heilbrigðiseftirlits. Ákveðið var að heilbrigðisnefndin myndi taka saman gögn og senda á sveitarfélög á Vesturlandi og Kjósarhrepp til umfjöllunar.

Í skýrslu starfshóps umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins frá ágúst 2023 um fyrirkomulag heilbrigðiseftirlits er lagt til að heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga (HES) verði lagt niður í núverandi mynd og málaflokkurinn fluttur til ríkisins og verði í höndum Umhverfisstofnunar (UST) annars vegar og Matvælastofnunar (MAST) hins vegar. Margvíslegar athugasemdir hafa komið fram við skýrsluna þar sem m.a. hefur verið bent á að samráði við sveitarfélögin og Samband íslenskra sveitarfélaga hafi verið ábótavant, og að það vanti skilning á hlutverki heilbrigðiseftirlita og þeim afleiðingum sem breytingin gæti haft í för með sér.

Ráðuneytin hafa nú skipað stýrihóp til að hefja innleiðingu á breytingum á fyrirkomulagi. Í þeim stýrihópi sem ætlað er að innleiða breytingarnar eru tveir fulltrúar atvinnulífsins, engir fulltrúar frá Umhverfisstofnun og Matvælastofnun og aðeins einn fulltrúi frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Sérfræðingar Sambands íslenskra sveitarfélaga hafa upplýst að ekki hafi verið haft samráð við þau vegna málsins.

Heilbrigðisnefnd Vesturlands vill vekja athygli sveitarstjórnarmanna á þeim neikvæðu áhrifum sem þessar breytingar gætu haft í för með sér án nægilegs samráðs við sveitarfélögin.

Til upplýsingar þá eru helstu röksemadir í skýrslu starfshópsins fyrir breytingum þessar;

- Skortur sé á samræmingu eftirlits á landinu.
- Flækjustig sé mikið fyrir atvinnurekendur þar sem sumt eftirlit sé hjá sveitarfélögum og annað hjá ríki.
- Kostnaður eftirlits fyrir atvinnurekendur sé of mikill í dag
- Komið hafi fram athugasemdir ESA við matvælaeftirlit og orðspor íslenskra matvæla á erlendri grundu.

Það eru tækifæri til úrbóta og betri samræmingar og heilbrigðiseftirlitin og sveitarfélögin þurfa að taka mark á því og vinna að úrbótum. Helstu athugasemdir skýrslunnar snúa þó ekki að heilbrigðieftirlitum og sveitarfélögum heldur ráðuneytunum og fagstofnunum þeirra;

- Samræma má betur útgáfu leyfa og eftirlit. Samræmingarhlutverk Umhverfisstofnunar og Matvælastofnunar er þegar skilgreint í lögum en ekki virkt. Setning og innleiðing nýrra reglna í heilbrigðiseftirliti er einnig í höndum ríkisins. Þarna er klárlega rúm til úrbóta af hálfu ríkisins.
- Flækjustig leyfisveitinga mun ekki minnka þar sem leyfisveitingar sem er í höndum heilbrigðiseftirlita í dag mun skiptast á tvær ríkisstofnanir sem mun flækja eftirlit.
- Flutningur á verkefnum frá sveitarfélögum til ríkisins hefur nær undantekningarlaust haft í för með sér aukinn kostnað og mun því að öllum líkindum ekki skila sér í hagræðingu fyrir atvinnurekendur
- Athugasemdir ESA snúa ekki að matvælamálum sveitarfélaga heldur ríkinu sjálfa, þar sem sveitarfélögin koma ekki að matvælaeftirliti sem snýr að útflutningi á matvöru



Heilbrigðiseftirlitin, heilbrigðisnefndir og mörg sveitarfélög hafa gert alvarlegar athugasemdir við skýrsluna og bent á eftifarandi:

- Það vantar betri rökstuðning og greiningu á málinu og skortir skilning á hlutverki og starfsemi Heilbrigðiseftirlita sveitarfélaga.
- Í skýrslunni er áhersla á að minnka álögur á fyrirtæki og rekstraraðila, en ekki á hagsmuni íbúa
- Skýrslan horfir ekki til markmiðs laga um hollustuhætti og mengunarvarnir og laga um matvæli um að búa landsmönnum heilnæm lífsskilyrði, og heilnæmt, ómengoað umhverfi og örugg matvæli.
- Líklegt að þjónusta fjær íbúum rýri gæði þjónustu við íbúa
- Aukin fjarlægð heilbrigðiseftirlits frá skrifstofum sveitarfélaga, embættum byggingar- og skipulagsfulltrúa, og framkvæmda á vegum sveitarfélaganna mun líklega hafa í för með sér lengri boðleiðir, minna samráð og gæti þannig minnkað gæði þjónustu.
- Aðeins er rætt um flutning á eftirliti sem gefa tekjur, ekki önnur lögbundin verkefni án tekjustofna, eins og umsagnir, ráðgjöf, þjónustu við íbúa, umgengni á líðum og lendum, umhverfiseftirlit og vöktun á loftgæðum, hávaða og vatnsgæðum
- Hugmyndir hafa ekki verið kynntar fyrir sveitarfélögunum nægilega vel og samráði ábótavant

Það er skoðun Heilbrigðisnefndar Vesturlands að flutningur á eftirliti frá sveitarfélögum til ríkisins gæti haft neikvæðar afleiðingar fyrir sveitarfélögin.

Samráði við sveitarfélögin sé ábótavant. Nauðsynlegt sé að ráðast í hagsmunagreiningu á áhrifum á sveitarfélögin og íbúa þeirra.

Heilbrigðisnefndir hafa gert alvarlega athugasemdir við niðurstöðu skýrslunnar og leggja til að styðja betur við núverandi kerfi;

- Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga samræmi betur útgáfu starfsleyfa og eftirlit
- Lögð verði meiri áhersla á samræmingarhlutverk UST og MAST / ríkisins
- Innleiðing nýrra reglna og leiðbeininga verði sett í betri farveg hjá fagráðuneytum og undirstofnunum þeirra.

I framhaldi af þessu er óskað eftir að málið verði tekið fyrir í sveitarstjórnnum á Vesturlandi og í Kjósarreppi. Heilbrigðisnefnd Vesturlands vonast til að sveitarstjórnir geti tekið undir bókun stjórnar Samtaka heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi frá 8. nóvember 2023 og tekið skýra afstöðu gegn því að starfsemi heilbrigðiseftirlits verði færð til ríkisins. Umhverfisráðherra hefur upplýst að ekki verði af breytingunum ef sveitarfélög vilji ekki fara í þær því er mikilvægt að ráðuneytið sé upplýst um afstöðu sveitarstjórnna.

f.h. Heilbrigðisnefndar Vesturland,

Kristinn Hallur Sveinsson, formaður heilbrigðisnefndar

27. maí 2024.

Bókun Samtaka heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslands vegna skýrslu starfshóps um fyrirkomulag eftirlits með hollustuháttum, mengunarvörnum og matvælum.

Samtök heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi gera verulegar athugasemdir við skýrslu starfshóps á vegum umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins um fyrirkomulag eftirlits með hollustuháttum og mengunarvörnum og matvælum. Samtökin telja tillögurnar ekki nægilega vel unnar, rökstuðning vanta og niðurstöðu byggða á veikum grunni, auk þess sem samtökin telja að verulegur skortur hafi verið á samráði við hagaðila, eins og heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga og sveitarfélögin sjálf, við gerð skýrslunnar.

Í skýrslunni kemur fram verulegur skortur á skilningi á hlutverki og starfsemi heilbrigðiseftirlita sveitarfélaga þar sem hún einblírir nær eingöngu á hlutverk þeirra við reglubundið eftirlit en tekur ekki til skoðunar margvísleg önnur verkefni þeirra við vöktun umhverfis, umsagnir, ráðgjöf við íbúa og nærbjónustu.

Skýrla starfshópsins leggur megináherslu á að minnka álögur á fyrirtæki og stofnanir og vitnað er í viðhorf Samtaka atvinnulifssins um mikilvægi hagræðingar og einföldunar í opinberu eftirliti, en ekki er tekið tillit til þarfa sveitarfélaganna eða vitnað í það markmið laga um hollustuhætti og mengunarvarnir sem felast í að búa landsmönum heilnæm lifsskilyrði og vernda þau gildi sem felast í heilnæmu og ómenguðu umhverfi, ásamt því að koma í veg fyrir eða að draga úr losun út í andrúmsloft, vatn og jarðveg og koma í veg fyrir myndun úrgangs í því skyni að vernda umhverfið.

Líklegt er að færsla á öllu eftirliti til stofnanna ríkisins geti haft verulega áhrif á gæði umhverfis og öryggi og heilnæmi íbúa sveitarfélaga þar sem þjónusta færst fjær íbúum. Í nefndaráliti umhverfis- og samgöngunefndar vegna breytinga á *lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir* frá árunum 2017 og 2020, kemur fram að nefndin telji að best fari á því að eftirlit fari fram sem næst starfsemi hverju sinni. Hlutverk stofnana ríkisins sé að huga að samræmingu og veita aðstoð þegar með þarf.

Þær ábendingar sem fram hafa komið fram munnlega af hálfu ESA um samræmingu á matvælaeftirliti á kjöti og fiski til útflutnings eiga ekki við um eftirlit heilbrigðiseftirlitanna, þar sem slíkt eftirlit er nú þegar í höndum ríkisins í gegnum Matvælastofnun og því bæði ósanngjarnt og órókrétt að ætla að matvælaeftirlit á vegum heilbrigðiseftirlitanna auki orðspors áhættu á matvælaframleiðslu hér á landi.

Samtök heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi benda á að flestar þær ábendingar sem bent er á skýrslunni snúa ekki að starfsemi heilbrigðiseftirlita á Íslandi, heldur beinast að þeim stofnunum ríkisins sem samkvæmt nágildandi lögum hafa með höndum samræmingu eftirlits. Í þeirri samræmingu felst sú skilda að samræma leyfisútgáfu og leyfisskilyrði um allt landið og tryggja þannig að eftirlit með starfsemi verði háttað með sama hætti um allt land.

Í tillögum starfshópsins eru lagðar fram sjö áherslupunktar sem huga þarf að til úrbóta fyrir opinbert eftirlit og snúa þeir um að tryggja þurfi fjármagn til að þróa upplýsingakerfi, stafræna afgreiðslu umsókna, einfalda regluverk, endurskoða lagaramma og tryggja náið samráð við sveitarfélögin. Að fára verkefni heilbrigðiseftirlitinna undir stofnanir ríkisins leysir ekkert af þessum verkefnum. Allar þessar ábendingar snúa að efla samræmingu og einfalda regluverkið og er það mat Samtaka heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi að skynsamlegast sé að auka fjármagn til þeirra verkefna og gera þá kröfu til stofnanna ríkisins að þær vinni í samræmi við lög og reglugerðir sem um þetta gilda. Þá sé skynsamlegt að ráðuneytin sinni því hlutverki sínu að endurskoða lagaramma, einfalda regluverk og gefa út reglugerðir sem nauðsynlegar eru til heilbrigðiseftirlit sveitarfélaganna geti unnið að þeim meginmarkmiðum laga að tryggja landsmönum heilnæmt og ómenguð umhverfi.



Sýslumenn

Sýslumaðurinn á
Vesturlandi

Sveitarstjórn Snæfellsbæjar
Byggingarfulltrúi Snæfellsbæjar
Heilbrigðiseftirlit Vesturlands
Slökkvilið Snæfellsbæjar
Vinnueftirlitið
Lögreglustjórinna á Vesturlandi

Málsnúmer: 2024-034577
Akranesi, 24. maí 2024

Umsagnarbeiðni - Rekstrarleyfi

Umsækjandi: Hótel Hellnar ehf, kt. 640300-2990, Borgarbraut 36, 310 Borgarnesi,

Forsvarsmaður: Styrmir Már Ólafsson, kt. 301292-2959, Borgarvík 20, 310 Borgarnesi.

Simi: 6639849. Netfang: finance@arnarstapicenter.is

Tegund umsóknar: - Umsókn um leyfi til reksturs gististaðar í Flokkur IV – A Hótel

Heiti staðar: Arnarstapi center

Staðsetning: Arnarfell

356 Snæfellsbær

Heiti fasteignar: Fasteignanúmer: Rýmisnúmer: Hámarksfjöldi gesta:

Arnarfell 2113881 070101-190101 26

Arnarfell 2113880 050101 40

Arnarfell 2243067 030101 0

Afgreiðslutimi áfengis:

Vírka daga frá: Vírka daga til: Aðfaranætur fridaga frá kl: Aðfaranætur fridaga til
kl:12:00 23:00 12:00 23:00

Hámarksgestafjöldi:

í gistingu 26 gestir

í veitingum 40 gestir

Með vísan til 4. mgr. 10. gr. laga nr. 85/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald og 26. og 27. gr. reglugerðar nr. 1277/2016 er óskað eftir umsögnum framangreindra umsagnaraðila. Þess er óskað að umsögn verði send á Sýslumaðurinn á Vesturlandi við fyrsta hentugleika eða eigi síðar en 45 dögum eftir móttöku beiðnar þessarar, sbr. 2. mgr. 9. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 og 2. mgr. 23. gr. reglugerðar nr. 1277/2016. Berist umsögn ekki innan þess frests kemur til álita að gefa út leyfi án umsagnar viðkomandi aðila. Sérstaklega er óskað eftir afstöðu slökkviliðs og heilbrigðiseftirlits til leyfilegs gestafjölda

Umsagnir óskast sendar á netfangið vesturland.leyfi@syslumenn.is. Í umsögn skal tilgreina nafn og kt. umsækjanda og heiti fasteignar og fasteignanúmer.

Sýslumaðurinn á Vesturlandi

Dóðey Þóra Ólafsdóttir,
Sviðsstjóri þjónustusviðs



Sýslumenn

Sýslumaðurinn á
Vesturlandi

Sveitarstjórn Snæfellsbæjar
Byggingarfulltrúi Snæfellsbæjar
Heilbrigðiseftirlit Vesturlands
Slökkvilið Snæfellsbæjar
Vinnueftirlitið
Lögreglustjórinn á Vesturlandi

Málsnúmer: 2024-034600
Akranes, 24. maí 2024

Umsagnarbeiðni - Rekstrarleyfi

Umsækjandi: Hótel Hellnar ehf, kt. 640300-2990, Borgarbraut 36, 310 Borgarnesi,

Forsvarsmaður: Styrmir Már Ólafsson, kt. 301292-2959, Borgarvík 20, 310 Borgarnesi.

Sími: 6639849. Netfang: finance@arnarstapicenter.is

Tegund umsóknar: - Umsókn um leyfi til reksturs gististaðar í Flokkur IV – A Hótel

Heiti staðar: Arnarstapi center

Staðsetning: Bárðarslóð

356 Snæfellsbær

Heiti fasteignar: Fasteignanúmer: Rýmisnúmer: Hámarksfjöldi gesta:

Bárðarslóð 2357632 010101-120101 64

Bárðarlöð 2357632 130101 64

Afgreiðslutími áfengis:

Virka daga frá: Virka daga til: Aðfaranætur fríðaga frá kl: Aðfaranætur fríðaga til
kl:12:00 23:00 12:00 23:00

Afgreiðslutími útveitinga:

Virka daga frá: Virka daga til: Aðfaranætur fríðaga frá kl: Aðfaranætur fríðaga til
kl:12:00 23:00 12:00 23:00

Hámarksgestafjöldi:

Í gistingu 64 gestir

Í veitingum 64 gestir

Með vísan til 4. mgr. 10. gr. laga nr. 85/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald og 26. og 27. gr. reglugerðar nr. 1277/2016 er óskað eftir umsögnum framangreindra umsagnaraðila. Þess er óskað að umsögn verði send á Sýslumaðurinn á Vesturlandi við fyrsta hentugleika eða eigi siðar en **45 dögum** eftir móttöku beiðnar þessarar, sbr. 2. mgr. 9. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 og 2. mgr. 23. gr. reglugerðar nr. 1277/2016. Berist umsögn ekki innan þess frests kemur til álita að gefa út leyfi án umsagnar viðkomandi aðila. Sérstaklega er óskað eftir afstöðu slökkviliðs og heilbrigðiseftirlits til leyfilegs gestafjölða

Umsagnir óskast sendar á netfangið vesturland.leyfi@syslumenn.is. Í umsögn skal tilgreina nafn og kt. umsækjanda og heiti fasteignar og fasteignanúmer.

Sýslumaðurinn á Vesturlandi

Daðey Þóra Ólafsdóttir
Sviðsstjóri þjónustusviðs



Samvera er ein besta forvörnin

Kæra sveitarstjórnarfólk

Hvetjum til samveru fjölskyldunnar

Í sumar viljum við sem fyrr undirstrika mikilvægi samverunnar fyrir foreldra og unglings þar sem rannsóknir hafa sýnt að samvera fjölskyldunnar er einn helsti skýringarþátturinn fyrir góðu gengi í forvörnum á undanförnum árum. Því viljum við að sjálfsögðu viðhalda.

Kannanir hafa sýnt að unglingsar vilja eiga fleiri samverustundir með foreldrum sínum og er sumarið kjörinn tími til þess. Samvera fjölskyldunnar og mikilvægi þess að foreldrar skapi góðar minningar með börnum sínum er megininntakið í auglýsingum SAMAN-hópsins í sumar og haust. Reynt er að undirstrika að samvera þarf ekki að kosta mikið, við getum spjallað saman, spilað saman, sungið, leikið, hjólað, eldað og farið í göngutúra, svo dæmi séu tekin.

SAMAN hópurinn vill hvetja sveitarstjórnir til hjálpa okkur að dreifa skilaboðum hópsins. Inn á nýrri heimasíðu okkar <https://www.samanhopurinn.is/> er að finna efni sem þið getið sótt og til dæmis deilt á ykkar samfélagsmiðlum. Hér má finna sumarskilaboð, hægt er að aðlaga myndir og veggspjöld með því að setja inn lógó sveitarfélags.

Samanhópurinn vill hvetja þau sveitarfélög sem bjóða heim á stórar bæjarhátiðir í sumar að hyggja vel að öllu skipulagi er varðar öryggi barna og ungmenna t.d. með því að framfylgja aldurstakmörkunum áfengisлага, lögum um útvistartíma barna og taka mið af öðrum verndarákvæðum barnaverndarlaga.

Talsmenn SAMAN hópsins veita fúslega ráð og koma með ábendingar út frá sjónarhorni forvarna sé þess óskað. Í hópnum eru margir sem hafa reynslu af að bæta skipulag bæjarhátiða með einum og eða öðrum hætti. Við viljum aðstoða svo vel megi til takast.

Í hópnum sitja m.a. fulltrúar frá sveitarfélögum, lögreglunni, embætti landlæknis og félagasamtaka sem láta sér forvarnir og velferð barna og ungmenna og fjölskyldunnar varða. Einnig hefur okkur borist styrkur til þess að hafa verkefnastjóra í hlutastarfi í eitt ár.

Gleðilegt sumar!

SAMAN – hópurinn